
FORNLEIFAR Í BÖGGVISSSTAÐAFJALLI, DALVÍK: DEILISKRÁNING INNAN FÓLKVANGS



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, GYLFI HELGASON, KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR OG MARGRÉT
STEFÁNSDÓTTIR (HÖFUNDAR EFNIS)

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2019
FS771-19341



Ljósmynd á forsíðu er af Böggvisstaðastekki EY-101:011, borft inn Svarfaðardal

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2019

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	7
3. ADFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	9
4. FORNLEIFASKRÁ.....	11
5. SAMANTEKT UM SÖGU SVÆÐIS OG LANDSHÆTTI.....	49
6. FORNLEIFAR INNAN DEILISKIPULAGSREITTS.....	53
Lokaorð.....	56
HEIMILDASKRÁ.....	59

Víðauki

Mínjakort

Samantekt

Árið 1994 var stórt landsvæði í Bögguvisstaðafjalli ofan Dalvíkur friðlýst sem fólkvangur. Árið 2014 hóf sveitarstjórn Dalvíkur undirbúningsvinnu vegna deiliskipulags fyrir fólkvanginn og í tengslum við þá vinnu var unnin deiliskráning fornleifa innan reitsins í október 2019.

Fólkvangurinn er í austurhlíð Bögguvisstaðafjalls og er 306 ha að stærð. Stærstur hluti svæðisins fellur innan landamerkja gamla lögbýlisins Bögguvisstaða (EY-103) en nyrsti hlutinn er þó í landi Brimness (EY-103) og að auki nær suðurjaðar fólkvangsins inn fyrir merki Hrafnstaða (EY-114). Við skráningu haustið 2019 voru skráðar 59 fornleifar á 29 minjastöðum innan marka svæðisins. Reiturinn er innan þess svæðis sem taldist til úthaga jarðanna þriggja og þær minjar sem þar voru skráðar tengjast margar hverjar útbeitt s.s. sel, stekkir og möguleg beitarhús en einnig lágu þrjár leiðir um svæðið, svarðargrafir voru á fjórum stöðum og sex vörður sem reistar voru í fjölbreyttum tilgangi voru einnig innan þess. Ástand minja var almennt gott og sáust einhver ummerki um minjar á öllum stöðum. Áform eru uppi um frekari uppbyggingu skíðasvæðis og stíga ásamt frekari skógrækt á svæðinu en markmiðið er að vinna samhliða að verndun og kynningu minja og með slíkri áætlun ætti vonandi að vera unnt að hlífa flestum minjastöðunum innan svæðisins. Um allar þær framkvæmdir sem kunna að ógna minjum skal leita umsagnar Minjastofnunar Íslands.

Efnisorð

Fornleifaskráning, deiliskráning, fólkvangur, skíðasvæði, Bögguvisstaðafjall, Dalvíkurbyggð

Summary

This report presents the findings and conclusion of a detailed survey carried out within 306 ha area west of Dalvík NE Iceland. The area is a so-called *fólkvangur* or a country park, an area protected by law and mainly intended for outdoor activity and recreational purposes for the general public. Since 2014 the local government of Dalvík has been working on a new detailed planning for the area where the aim is to expand the use of the area as a recreational park by adding more ski lifts in the skiing area, improving and increasing walking and cycling paths and extending woodland. It was in connection to these plans that a detailed archaeological survey was conducted in the area in the late fall of 2019.

The plot that was subject to the detailed survey covered the outfields of two farms, Bögguvisstaðir and Brimnes and reaches into the northern edge of a third farm, Hrafnstaðir. The area is on the eastern side of the mountain *Bögguvisstaðafjall* and was mostly used for grazing and peat-cutting as far back in time as written sources exist. Within the area 59 sites were surveyed at 29 locations. The sites were versatile, the most common being various remains of structures connected to grazing (such as shielings, milking folds etc), peat-cutting areas, cairns and routes.

Keywords

Archaeology, detailed survey, country park, skiing area, Bögguvisstaðafjall, Dalvíkurbyggð

1. Inngangur

Sumarið 2019 hafði byggingafulltrúi Dalvíkurbyggðar samband við Fornleifastofnun Íslands ses og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa innan marka fólkvangs í Bökkvisstaðafjalli ofan Dalvíkur. Svæðið var friðlýst sem fólkvangur, vegna útivistargildis þess árið 1994. Árið 2014 hóf sveitarstjórn Dalvíkur undirbúningsvinnu vegna nýs deiliskipulags fyrir fólkvanginn. Fornleifastofnun Íslands hafði aðalskráð svæðið árið 1999¹ en þar sem unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið gerði Minjastofnun Íslands kröfu um að þar yrði unnin deiliskráning, þ.e. að svæðið yrði þaulgengið í leit að minjum og að allar sýnilegar minjar væru mældar upp.

Fólkvangurinn er í austurhlíð Bökkvisstaðafjalls og er 306 ha að stærð. Lægsti hluti þess er um 30 m.y.s. en hæstu hlutar þess eru um 500 m.y.s.² Mörk svæðisins eru við Brimnesá að norðan en að sunnan eru þau nærri merkjagirðingu Bökkvisstaða og Hrafnasstaða. Merkin að austan eru nokkuð hátt í fjallinu eða um 1 km ofan eða vestan við Selhól í hlíðinni. Að austan liggja merkin frá Brimnesá og fylgja núverandi malarvegi á kafla en liggja áfram til suðurs rétt ofan við efstu byggð Dalvíkur og svo áfram til suðurs meðfram austurjaðri skógræktar á svæðinu og þá skáhalt til suðvesturs að merkjagirðingu Hrafnasstaða og Bökkvisstaða.³ Stærstur hluti svæðisins fellur innan landamerka gamla lögbýlisins Bökkvisstaða (EY-101) en nyrsti hlutinn er þó í landi Brimness (EY-103). Að auki var skráður landamerkjagardur og varða í suðurjaðri fólkvangsins innan marka Hrafnasstaða (EY-114).

Innan fólkvangsins er skíðasvæði Dalvíkinga, þar eru skógræktarreitir og göngustígar en til stendur að halda áfram uppbyggingu á svipaðri braut, efla skíðasvæðið, auka við skógrækt, vinna að frekari uppbyggingu stíga, bæta lýsingu, skiltagerð o.s.frv.⁴

Áður en vettvangsskráning hófst var farið yfir tiltækar heimildir um þær jarðir sem reiturinn er innan og vettvangsskráning þannig undirbúin. Reiturinn var skráður á vettvangi í október 2019. Við vettvangsskráningu var farið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið og leitað að minjum, hvort sem heimildir voru um minjar eða ekki. Allar sýnilegar minjar voru auk þess mældar upp. Skráninguna unnu þau Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason og Kristborg Þórsdóttir. Gylfi sá um gerð korta og uppmælingauppráttu en Elín um aðra úrvinnslu og skýrsluskrif.


¹ Adolf Friðriksson o.fl. 1999.

² Fólkvangur í Bökkvisstaðafjalli: deiliskipulag og umhverfisskýrsla – drög 24.06.2019, bls. 3

³ Sjá afmörkun á yfirlitskortu og Fólkvangur í Bökkvisstaðafjalli: deiliskipulag og umhverfisskýrsla – drög 24.06.2019, bls. 3

⁴ Fólkvangur í Bökkvisstaðafjalli: deiliskipulag og umhverfisskýrsla – drög 24.06.2019, bls. 13

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan marka fólkvangsins. Í fimmta kafla skýrslunnar er samantekt um sögu svæðis og landshætti á deiliskípulagssvæðinu og í lokakafla hennar er að finna umfjöllun um fornleifar innan deiliskípulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.



Úttektarsvæðið er merkt inn á Íslandskort sem rauður ferningur

Börkur Þór Ottóson sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar var skrásetjorum innan handa við undirbúning og benti á heimildamenn fyrir svæðið og fær hann bestu þakkir fyrir aðstoðina. Við vinnslu verksins var rætt við þá Sveinbjörn Steingrímsson, Þorstein Skaftason og Brynjólf Sveinsson og fá þeir allir kærar þakkir fyrir yfirllestur, sýndan áhuga á verkinu og gagnlegar ábendingar.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-101:011). Þær minjar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits falla flestar undir Böggvisstaði (EY-101) en minjar nyrst á svæðinu eru innan þess jarðnáðis sem tilheyrði Brimnesi (EY-103) og að auk falla tveir minjastaðir allra syðst innan marka Hrafnstaða (EY-114). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir mældir upp. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra frávikum eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifasvæðis „stórhættu vegna framkvæmda“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Ljóst er að Dalvíkurbyggð vinnur að metnaðarfullri áætlun um uppbyggingu innan

svæðis þar sem tekið er tillit til fornleifa og þeim gert hátt undir höfði og því bendir allt til þess að unnt verði að hlífa flestum minjastaðanna við mögulegar framkvæmdir og skógrækt en hættumatið er ætlað að undirstrika það að minjarnar eru innan marka svæðis þar sem ráðgerðar framkvæmdir verða á næstu árum og áratugum og er til þess fallið að vekja athygli á þeim og hvetja til að tillit verði til þeirra tekið og þeim hlíft eftir mætti. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jaðar í Jarðatali Johnsen's: SF-175:009

Númer fornleifar á tiltekinni jörð: Sveinshlaða

Sérheiti: töft

Tegund: hlaða

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93: E: 528751 N: 352323

Sýslutíki

Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Sveinshlaða 009, horft til norðurs

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útið í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstaði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstaði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutöft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skafartúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfir norðvestan við hana. Nokkur hölfmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Þetta sem steðjar að fornleif

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru einungis birtar upplýsingar um þær minjar á jörðunum þremur sem eru innan eða við jaðar fólkvangsins í Böggvissstaðafalli, þetta veldur því að númeraröð minjastaða er ekki samfelld en upplýsingar um þá minjastaði sem eru utan marka fólkvangsins og vantar í númeraröðina er að vinna í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands frá 1999.⁵

⁵ Adolf Friðriksson o.fl. 1999

4. Fornleifaskrá

EY-101 Bökkvisstaðir

Sögulegt ágríp

Jörðin var einnig nefnd Bökkustaðir, Bökkversstaðir og Bökkustaðir.

Hennar er getið í Svarfdælu: "Bökkvir hét son [Karlssonar á Upsum], er bjó á Bökkvisstodum ..." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207. Þar segir einnig: "Þeir [Karl rauði] mæta Geira við gerði þat, er upp er ok suðr frá Bökk[vis]stodum. Karl lét taka Geira ok drepa, ok er þat kallat á Geiravollum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 187. Einnig getið í Þjóstólfs sögu hamramma.

1441 selur Björn Jónsson sr. Jóni Pálssyni Brimnes og Bökkustaði í Ufsaþingum fyrir 60 hdr og sagði frá bænhússkyld á Bökkustöðum og skyldi hann enga peninga fyrir það lúka þó það væri eigi uppi - DI IV, 619-20.

1441 selr sr. Jón Pálsson Jóni Finnbogasyni Bökkustaði og Brimnes fyrir 60 hdr - DI IV, 621-22.

1455 krefur Sigurður prior á Möðruvöllum Jón Finnbogason um alla þá viði sem hann hafði flutt burt af Bökkustaðareka frá því fyrsta er hann átti jörðina. Reiknaði Sigurður að Möðruvallaklaustur ætti þrjá hluti í viðreka og hvalreka á Bökkustaðasandi réttisýni úr Uxárosi þar hún hefur að fornu fallið og vestur að steini þeim er stendur fyrir sunnan Djúpudæld - DI V, 129.

1469 selur Halldór Jónsson Eyjólfur Arnfinssyni Brimnes og rekann sem jörðinni tilheyrir "landeign vpp aa molldbrekkur. þessi rekamörk. fra brimnesaar osi oc j sten þann er stendr i midri diupudæl. voru þessar jtaulor oc greindar vpp j bauggustada iord. háalfsmanadar teigur aa flæðarnar oc holm þann er kallazt brimnesholmr. enn beit a branzdal fyrer sunnan fram j dalnum aullu bufæ nær sem beita vill vetur edur sumar." og greiddi Eyjólfur 12 hdr fyrir Brimnes - DI V, 539-40.

1507 selur sr. Guðmundur Jónsson Möðruvallaklaustri Bökkustaði fyrir Bakka og Steindyr og gaf 5 hdr í milli - DI VIII, 158-59.

1525 eru Bökkustaðir meðal jarða Möðruvallaklausturs og átti klaustrið jafnframt "þria hluti j hualareca og so mikcid j vidreca aa boggustadasande fráa vxärösi hinum forna og til brimnesär ös þar hun hefur ath fornu runnid." DI IX, 319.

1569: "Med Boggustaudum v. [kugildi]" Möðruvallakl. reikningur - DI XV, 364.

1570: "Med Boggustaudum iij kugildi." Möðruvallakl. reikningur - DI XV, 366.


1712: 40 hdr. 1712. Árgerði hjáleiga síðan fyrir 1712.

1917: 8.3 ha. Gardar 1710 m². 1839: "... meðalgóð að heyskap, en til kosta telst einkum þetta: rekaland, fyrirdráttarpláss fyrir sjóreyður, hagkvisti, útigangur, góð torfrista og geur miðlað öðrum þurfandi." SSE, 68; Seinni hluti 19. aldar: Útræði var af Bökkvisstaðasandi og þar tók Dalvíkurþorp að myndast á seinni hluta 19. aldar. 1960: Jörðin fer í eyði og er eign Dalvíkurbæjar. BE 1990, 131
1990: "Jörðin var áður ein mesta vildisjörð í hreppnum enda landrými nokkurt og sumarþing á Bökkvisstaðadal, en þar að auki útræði af Bökkvisstaðasandi, reki og ýmis hlunnindi önnur." BE 1990, 131

EY-101:011 *Bökkvisstaðastekkur* tóft stekkur 520136 607787

"Neðan fjallshlíðar [Bökkvisstaðafjalls] heitir Brekkur. Þar eru tóftir Bökkvisstaðastekks neðan undir Stekkjarhjalla," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn sem stekkurinn stendur á er einnig kallaður Selhóll. Stekkurinn er um 440 km vestan við 001, tæpum 80 m vestan við trjáreit og um 260 m sunnan við skíðaskála. Gönguslóði liggur fram hjá sunnanverðum túngarðinum og svæðið er merkt með einföldu tréskilti "stekkur". Minjarnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá voru minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu.

Tóftin er rétt neðan við fjallshlíðar. Umhverfis eru lyngi- og kjarrivaxnir hólar með grasivöxnum lautum. Á milli eru sumstaðar mýrarblettir sem eru hálfþornaðir. Túnið er á kafi í háu grasi og sinuvaxinn en þar vex þó lyng inn á milli. Skógrækt er nærri og einhver trjávöxtur í nágrenni stekkjarsins en hann er ekki innan skipulagðar skógræktar. Rutt hefur verið úr vallargarðinn á



Uppmæling af tóftunum 101:011. Loftmynd: Loftmyndir ehf

tveimur stöðum og hefur þar verið rutt úr honum og einhvers konar stallar. Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni, fyrrverandi byggingafulltrúa í Dalvíkurbyggð lá áður girðing yfir garðinn og telur hann líklegast að rutt hafi verið úr garðinum vegna girðingalagnarinnar en hún var tekin niður um 1985 samkvæmt honum. Í öðrum af þessu útruðu svæðum hefur verið sett borð með bekkjum. Svo virðist sem rutt hafi verið úr túngarðinum á tímabilinu 1958-1964. Sauðfé var á beit innan svæðis þegar það var skráð í októberbyrjun 2019 og færi vel á því að beita það í aðeins ríkara mæli til að draga úr sinuvexti á svæðinu og gera það aðgengilegra.

Svæðið er 84 x 55 m stórt og snýr austur-vestur. Minjar þar samanstanda af vallargörðum (03-04) sem afmarka svæðið að mestu, rústahól 01, stekkjartóft 02 og ógreinilegri þúst 04. Vallargarðurinn er 84 x 55 m stór og snýr austur-vestur. Hann er grasi og lyngivaxinn en grasvöxtur í honum er annars konar en er innan hans. Stærsti hluti vallargarðsins 03 er sporöskjulaga en ýtt hefu verið úr honum á tveimur stöðum. Að norðvestan er um 20 m skarð í hann þar sem garðinum hefur verið rutt út en greina má hvar hann liggur sem lyngivaxna línu. Að sunnanverður er önnur eyða í garðinn, um 15 m löng og hefur þar einnig verið rutt úr garðinum á þeim slóðum sem göngustígur liggur um svæðið og hefur nú verið komið fyrir setbekk á þessum slóðum. Annars er ekki greinilegt op á vallargarðinn þótt óljós ummerki um hugsanlegt op séu á austurhlíðinni á tveimur stöðum. Vallargarðurinn er mjög stæðilegur og á kafla, sérstaklega ytri brún hans en hún er meira en 1 m á hæð. Hæð að innanverðu er um 0,8 m. Ekki er ólíklegt að hluti þess vallargarðs sem nú sést sé að hluta endurbyggður. Garðurinn er 1,5 m á breidd en verður mjög óskýr þegar hann kemur að bæjarhólnum. Frá aðalvallargarði gengur umfangsminna garðlag á einum stað, 04. Garðlagið gengur frá garði 03 og til suðurs, í átt að stekkjartóft 02. Það er um 37 m langt og liggur langleiðina að stekknunum, upp á rústahólnum 01 en fjarar þar út og verður ógreinilegt. Garðurinn er þýfður og lyngivaxinn á kafla, 1,5 m á breidd en 0,6 m á hæð en að nokkru hlaupinn í þúfur. Vel er hugsanlegt að hann hafi áður markað af stekkjara- eða seltún sem var nokkru minna en það sem



Böggvisstaðastekkur EY-101:011. Á mynd til vinstri er horft til suðurs en suðvesturs á mynd til hægri.

síðar varð. En það tún hefði þá verið um 50 m í þvermál. Í miðju stekkjartúninu er stór rústahóll 01. Hóllinn er 35 x 24 og snýr norður-suður. Hann er talsvert hærri en umhverfið (eða 0,8 m) og er ljóst að þar leynast frekari mannvistarleifar undir sverði. Sjálf stekkjartóftin 02 er vaxinn elftingu og grasi og er nokkuð stórkarlaleg og eru veggir hennar talsvert umfangsmiklir. Tóftin virðist yngsta byggingarstigið á svæðinu. Tóftin er 12 X 14 m stór og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru víða 1,5 m á breidd en 0,6-0,7 m á hæð. Tóftin er L-laga og er tvískipt. Annars vegar er stórt hólfi I, ofar eða vestar. Það er aflengt og mjög stórt eða 11 X 3 að innanmáli. Til austurs frá suðurenda hólfs I er annað hólfi. Það snýr austur-vestur og er 4 X 2 m stórt. Í kverkinni sem hólfin koma saman er stór hóll. Tóftin er grasi gróin og engar grjóthleðslur sjást. Op er á vestara hólfið nálega þar sem hitt hólfið liggur að því (í kverkinni, á austurvegg) og mögulega annað op lítið í horninu að suðvestan. Opið í kverkinni er vítt eða 1,5 m á breidd. Lítið op er norðan við miðjan vesturvegg austara hólfsins (II). Greinileg þúst 05 er upp við vallargarð stekkjans á svæði sem er talsvert mikið raskað. Á þessu svæði hefur greinilega verið rutt úr vallargarðinum. Þústin er á kafi í grasi og sker sig úr umhverfinu. Hún er um 8 m í þvermál og gæti hafa verið tvískipt en ómögulegt er að fullyrða um það og innri lögun sést ekki. Hún er 0,6-0,7 m hærri en umhverfið. Svæðið var allt á kafi í grasi þegar það var skráð og því erfitt að greina mannvistarleifar. Umræddar leifar eru nokkuð umfangsmiklar fyrir stekk og má vera að þarna hafi einhverju sinni verið sel líkt og örnefnið Selhóll bendir til. Staðurinn er þó of nærri Böggvisstaðatúninu til að líklegt sé að þar hafi verið sel frá bænum.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dalv, 351


EY-101:012 *Dalsgötur* gata leið

519783 608643

"Frá Böggvisstaðastekknunum [011] liggja svonefndar Dalsgötur upp til Dalsins, en fjallsmeginn við þær heitir Leppamelur neðan til við hálsinn," segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Fram hjá Löngulaut efst liggja Dælagötur fram á Böggvisstaðadalinn," segir í örnefnaskrá Böggvisstaða. Göturnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá voru þær mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu. Á loftmynd af svæðinu frá árinu 1958 má sjá að göturnar hafa ekki legið frá stekknunum eins og ætla mátti af örnefnalýsingu heldur hafa þær legið skáhalt yfir það svæði sem nú er afgirt skógrækt og þaðan upp brekkuna og áleiðis áfram til norðvesturs upp fjallshlíðina. Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni, fyrrverandi byggingafulltrúa í Dalvíkurbyggð voru göturnar áreiðanlega notaðar bæði á sumrin og veturnar en á sumrin var setið yfir í Böggvisstaðadal. Á loftmynd af sama svæði frá 1964 má sjá að göturnar hafa þá vikið innan



Uppmæling af leið 101:012. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Dalsgötur EY-101:012. Á mynd til vinstri eru göturnar sýndar ofan á loftmynd frá árinu 1958 (áður en skógrækt hefist) en á mynd til hægri er horft eftir götunum til NNV, haustið 2019.

afgirts reits en þær má þá enn sjá víða í fjallshlíðinni og sú er raunin enn í dag (2019). Ef gengið er upp meðfram skíðalyftu Dalvíkinga eru göturnar um 300-400 m ofan við skíðaskála. Fjallshlíðinni hallar til austurs. Hún er lyng- og kjarrivaxin og á stöku stað eru rofabörð.

Allra suðaustast má fyrst rekja göturnar skammt ofan við skógreitinn þar sem er óraskað svæði ofan vegar en ummerki um göturnar eru orðin talsvert óskýr. Á þessum stað lágu þær skáhallt upp hvamm og svo áfram upp brekkuna en eru víðast óljósar þótt 5-6 paldrar sjáist samsíða. Göturnar sjást hins vegar betur ofar. Rétt austan við skíðaskála Böggvisstaðafjalls sjást götunar 7-

9 saman, hlið við hlið. Þar eru þær greinilegar á um 340 m löngum kafla uns þær hverfa undir skíðasvæði Böggvisstaðafjalls. Götur sjást svo aftur norðan við skíðasvæðið á 600 m löngum kafla en hverfa svo í gróður og deiglendi þegar komið er í Sellágar austan við sel 019 og sel Brimness EY-103:012. Götur eru enn notðar, bæði af hestamönnum og göngufólki. Þær hafa verið um 2.3 km langar innan þess deiliskipulagsreits sem tekinn var út 2019 en sjást nú á um 1.4 km kafla af því svæði.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dalv, 351; Aðalheiður Jóhannsdóttir: Örnefni í Böggvisstaðalandi, Loftmynd frá 1958 og 1964

EY-101:019 *Selból* tóftir sel

519386 608732

"Sunnan og ofan Moldbrekkna [í Brimneslandi] eru votlendar flatir og sléttar lautir, Sellautir [landamerki]. Tveir eru þar Selhólar, sá minni í Brimneslandi [103:012], en sá stærri í Böggvisstaðamegin," segir í örnefnalýsingu Dalvíkur. "Ef farið er upp með Löngulaut er fljótlega komið upp á Böggvisstaðaháls. Þá er Selhóllinn framundan til vinstri, nokkuð stór og kollóttur hóll. Austan og norðaustan við hann eru Sellautirnar þarna niður undan Selhólnum," segir í örnefnaskrá Böggvisstaða. Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni fyrrverandi byggingafulltrúa í Dalvíkurbyggð var einhver heyskapur og svarðartekja á þessum slóðum fram til 1950. Selið er framarlega á Selhólnum um 2 km frá bæ 001. Minjarnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en



Uppmæling af tóftum á Selhóli 101:019 og tóft 045. Loftmynd: Loftmyndir ehf

aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá voru minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu.

Framan í Selhólnum er hár og sléttur stallur. Hann er grasivaxinn og er selið fremst á honum. Austan og norðaustan við eru Sellautir og er Brimnessel 103:012 í tæplega 100 m fjarlægð.

Nokkur mosi og elfting vex einnig á tóftunum.

Minjar um selið á Selhóli eru á svæði sem er um 50x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru 5 tóftir auk seltóftarinnar. Einnig er kvíatóft 045 rétt suðvestan við það. Á u.þ.b. miðju svæðinu er sjálf seltóftin 01 og er hún á lágum rústahól sem er 25x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Seltóftin snýr eins og skiptist í 6-7 greinanleg hól en hún er sigin og þýfð og innanmál hólfa orðið óskýr, ef frá er talinn suðvestasti hluti hennar. Lítið hól er áfast tóftinni að norðvestanverðu. Það er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í norðvesturenda en þar er óljóst þýfi utan við hólfið og má vera að veggir þess hafi náð lengra til norðvesturs. Tvö hól eru í suðvesturenda tóftarinnar og eru þau áþekkt að stærð; 2-2,5x2 m. Op er inn á þau á suðausturhlið. Norðaustan við þessi hól er óljóst hól og/eða göng sem eru 7 m löng og 1,5 m breið í suðvesturenda en 0,5 m breið í norðausturenda. Stórt og djúpt hól er norðvestan við meint göng. Það er L-laga og er um 4x4 m að innanmáli. Í norðausturenda tóftarinnar er hól sem er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í norðurhorni er svo óljóst hól sem er 3x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggjahæð tóftarinnar er 0,7 m þar sem veggir eru hæstir en víðast eru þeir lægri.

Framan og austan við seltóftina er sléttur stallur í halla til austurs. Þar eru óljós ummerki



Tóftir 101:019. Á mynd til vinstri er tóft 01 (horft til austurs) en tóft 04 á mynd (horft til NNA) til hægri

um gerði 06, mögulega kálgarð. Þetta eru óljós ummerki en gerðið virðist afmarka svæði sem er 8,5x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er skýr afmörkun til vesturs og hún er vart greinanleg til suðurs. Tóft 07 er á sama rústahóli og seltóftin en virðist ekki ýkja gömul. Hún er einföld og sést ekki skýrt op á henni en ekki er útilokað að það hafi verið á suðvesturhlið. Tóftin er 5,5x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru 0,3-0,5 m á hæð.

Tóft 02 er fast norðan við seltóftina og er hún tvískipt. Tóftin er 9,5x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er vaxin grasi og elftingu eins og seltóftin. Op er inn í tóftina í vesturenda og er vestara hólfið rúm 4x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Austara hólfið er grunnt og ógreinilegt, líklega lítil hlaða eða heystæði. Ekki er op inn í hólfið sem er 2,3x2 m að innanmáli og snýr þvert á vestara hólfið. Veggir tóftarinnar eru 0,7 m á hæð þar sem þeir eru hæstir.

Tóft 03 er mjög óljós en hún er rétt norðvestan við seltóftina og virðist vera niðurgrafin að hluta. Tóftin er 5,5x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á suðausturhlið tóftarinnar og er norðaustur-veggurinn óreglulegur og úr lagi genginn. Veggjahæð er víðast 0,2-0,3 m. Hvergi sést grjót í veggjum og líklegt að tóftin sé að mestu torfhláðin. Fast suðvestan við tóftina eru óljós ummerki um frekari mannvistarleifar eða rask á svæði sem er 3,5x4,5 m að stærð og snýr eins og tóft. Tóft 04 er 16 m suðvestan við seltóftina, í lyngi vaxinni brekku. Tóftin er einföld, er 4,5x3,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Op er á henni í norðurenda. Veggjahæð er 0,5 m. Tóft 05 er fast suðaustan við tóft 04 og eru þær báðar að nokkru byggðar inn í aflíðandi halla til norðausturs. Tóftin er tvískipt og er 7x8 m að stærð, snýr austur-vestur. Í

vesturhluta tóftarinnar er nokkuð afgerandi hól sem er 3,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í það í norðurenda. Í austurhlutanum er lítið hól sem er mun lægra og ólíklegt að hafi verið undir þaki. Það er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr einnig norður-suður og er óljóst op inn í það í norðvesturhorni. Hæð veggja í stærra hólfinu er um 1 m þar sem þeir eru hæstir en 0,5 m í minna hólfinu. Þessi tóft er allfornleg og virðist hafa farið úr notkun nokkru fyrir en hinar tóftirnar í selinu. Vatnslítill lækur rennur meðfram tóftinni að sunnan og suðaustanverðu. Að lokum skal hér getið um nokkuð afgerandi stall í skarði á milli setóftar 01 og tófta 04 og 05 sem er líklega náttúrumyndun en ekki er útilokað að hann sé manngerður. Skarðið er grasi og lyngi vaxið og hallar frá því til austurs. Stallurinn er 4x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er hæstur um 1 m að norðaustanverðu. Lækjarspræna rennur meðfram honum að sunnanverðu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dalv, 352; Aðalheiður Jóhannsdóttir: Örnefni í Bökkvisstaðalandi

EY-101:024 tóft hlutverk óþekkt

520421 607551



Tóft 101:024. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Um 150 m vestan við 001, vestan við Snælduhól er tóft uppi á hól eða holti, um 150 m vestan við bæ 001. Minjarnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá voru minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu. Upphaflega var talið að tóftin væri sú sem nefnd var Kofinn í fyrri skráningu en samkvæmt ábendingu Sigurbjörns Steingrímssonar heimildamann er það rangt. Umrætt svæði er á mörkum deiliskipulagssvæðis og kofinn er um 20 m austan við mörk þess.

Hólaklasi með deiglendislanum á milli. Norðan við er lægð afmörkuð af hólum á alla vegu.

Þar er dýtjörn sem þornar sjaldan en var þurr þegar svæðið var skráð í október 2019. Að sunnan er djúp laut en iðagrænar lautir eru á milli lyngivaxinna hólanna. Tóftin er á kafi í grasi og sinu en holtið er lyngvaxið og þar vex nokkur birkiskógur. Hún er 5.5. x 3 m stór og snýr austur-vestur. Eitt af birkitrjánum er í suðvesturhorni tóftarinnar en hin eru fjær. Op er í norðausturhorni tóftar.



Tóft 101:024, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

EY-101:044 náma svarðargrafir/mógrafir

519277 608691

Svarðargrafir eru í aflangri, mýrlendri laut suðvestan við Selhól 019 í hlíðum Böggvisstaðafjalls. Sellautir eru norðan og norðaustan við Selhól og eru þær á merkjum milli Brimness og Böggvisstaða, litlu sunnan við Brimnesá. Lyngivaxnar brekkur eru norðan og sunnan við lautina sem er deiglend og grasi vaxin. Er hún í halla til austurs. Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni fyrrverandi byggingafulltrúa í Dalvíkurbyggð var einhver heyskapur og svarðartekja á þessum slóðum fram til 1950

Svarðargrafasvæðið er allstórt, um 150x25 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Greinilegustu grafirnar eru á miðju svæðinu, þar eru m.a. tvær mjög skýrar grafir en neðan og austan við þær eru ógreinilegri ummerki um svarðartekju. Eystri gröfin af þessum tveimur skýru gröfum er ferningslaga og um 30 sm niður að vatnsyfirborðinu, er hún öll í mosagróðri svo ekki sést hve djúp hún hefur verið. Gröfin er 2 X 2 m að stærð. Efri og vestari gröfin er öllu óreglulegri, 4 X 4



Svarðargrafir 101:044. Til vinstri er uppmæling af svæðinu (Loftmynd: Loftmyndir ehf) en til hægri ljósmynd, horft til vesturs

m að stærð og um 40 sm eru niður að vatnsyfirborði. Aðeins virðist hafa verið grafið í vesturendann. Vatnið virðist vera um 20-30 sm djúpt. Efst á grafasvæðinu eru tjarnir sem geta verið leifar eldri grafa. Mótekja þótti ekki góð á þessum stað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:045 tóft kvíar

519353 608695

Sunnan við Sellautir er Selhóll. Framarlega á honum er selið 019. Um 30 m suðvestan við seltóftina, í suðaustanverðum hólnum, er stök tóft sem gæti hafa verið stekkur eða kvíar. Minjarnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá voru minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu. Hólinn og tóftirnar er grasi- og lyngivaxnar. Sunnan við er mýri og eru svarðargrafir 044 upp með henni.



Tóft 101:045. Á mynd til vinstri er horft til ASA en til NA á mynd til hægri. Uppmæling, sjá fornleif 101:019.

Tóftin er um 11x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er að miklu leyti grafinn í halla til suðausturs en hlaðinn veggur er á suðausturhlið. Í henni er eitt skýrt hólf sem er 5x3 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Óljós veggur eða þrenging er við ANA-enda hólfins en þar utan við er langt og allbreitt op inn í tóftina úr norðurhorni. Yst í opinu er stór þúfa sem er líklega hrun úr vegg. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,5-0,6 m.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:046 tóft hlutverk óþekkt

520565 608438

Allstór tóft er á milli tveggja hóla eða hæða norðan við Stórhólstjörn, 150 m sunnan við sundlaug EY-103:019 og um 850 m norðan við bæ 001. Tóftin er byggð suðvestan í nyrðri hæðina og er í halla til suðurs. Gróið mólendi er hér í næsta nágrenni en svæðið einkennist af lágum hólum sem margir hverjir eru ógrónir efst. Votlent er norðvestan við tóft og virðist vatnsstaðan hafa hækkað í Stórhólstjörn frá því sem áður var en vatni er veitt eftir mjóum skurðum úr Brimnesánni í tjörnina. Nokkur trjágróður er í grenndinni og flatlent graslendi er litlu norðaustan við tóftina. Þar var timburrétt sem hefur verið rifin.



Tóft 101:046, horft til norðurs



Uppmæling á tóft 101:046. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Tóftin er 14x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvo hluta. Í norðausturhlutanum, sem stendur hærra, er djúpt og stórt hólfi. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr þvert á stefnu tóftarinnar. Ekki sést op inn í það. Tóftin mjókkar og lækkar í suðvesturhlutanum. Þar er flatur stallur og mótar ekki fyrir innanmál hólfs. Mesta hæð veggja í norðausturhluta er um 1 m en í suðvesturhluta er hæðin 0,6 m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sést grjót á stöku stað en engar hleðslur. Tóftin er grasi vaxin. Út frá norðausturenda tóftar eru óljósir kantar sem stefna frá henni til norðausturs og eru meðfram brún hæðarinnar sem tóftin er hlaðin utan í. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Hún sést ekki á loftmyndum frá miðri síðustu öld og er því ekki nógu gömul til að geta talist til fornminja. Hún er hins vegar byggð eftir gamalli hefð og því tekin með á skrá yfir minjar á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:047 tóft hlutverk óþekkt

519513 607763

Einföld og gróin tóft er um 1 km vestan við gamla bæinn á Böggvisstöðum 001 en um 400 m norðan við merkjagarð Hrafnstaða 114:005. Tóftin er um 570 m suðvestan við vörðu 051. Tóftin er í hvammi, eða laut, mitt á milli tveggja gróna skriða fyrir miðju Böggvisstaðarfjalli. Til suðurs er



Uppmæling á tóft 101:047. Loftmynd: Lofmyndir ehf



Tóft EY-101:047. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til austurs á mynd til hægri

deiglent svæði.

Tóftin er einföld, 6 x 4 m að stærð og snýr h.u.b. austur-vestur. Veggir eru torfhláðnir og signir og talsvert lyngivaxnir. Þeir eru um 0,1-0,3 má hæð, stæðilegastir til austurs. Óljóst op virðist vera á miðjum norðurvegg tóftarinnar en hugsanlegt er að það sé hrun. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en lögun hennar og staðsetning gæti bent til að hún sé heystæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:048 varða hlutverk óþekkt

518595 608028

Gróin varða er á melhól ofarlega í hlíðum Böggvisstaðafjalls, 100 m sunnan við vörðubrot 050 og um 2 km vestan við bæ 001. Vegarslóði liggur upp á fjallið litlu suðvestan við vörðuna. Ekki er ljóst



Afstaða milli vörðu EY101:048 og 050. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Varða 101:048. Á mynd til vinstri er horft til suðausturs en á ANA á mynd til hægri

hvaða hlutverki varðan hefur gegnt. Á svæðinu er þýfður mói vaxinn lyngi og mosa innan um mela og skriður. Mikið útsýni er frá vörðunni til austurs.


Varðan er gróin í botninn og grjótið í henni er skófum vaxið. Efst í henni er smátt grjót sem er nýleg viðbót. Varðan er hlaðin á jarðlægan stein en er sjálf um 1x0,7 m að grunnfleti og snýr NNV-SSA. Varðan er um 0,5 m á hæð. Umhverfis hana er nokkuð af grjóti sem virðist vera jarðlægt

og ekki hluti af vörðunni sjálfri eða hrun úr henni. Vörðuhleðslan er hrunin en með vilja má greina 4-5 umför í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:049 gata leið

519418 608520



Uppmæling á heim hluta leiðar EY101:049 sem skráður var innan úttektarsvæðis. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Allmiklar götur sjást á kafla í hlíðum Bökkvisstaðafjalls ofan og vestan við fornlega tóft 052 og sunnan við sel 019. Ekki er ljóst á hvaða leið þessar götur eru. Göturnar liggja um lyngi grónar hlíðar fjallsins sem eru í halla til austurs.

Hægt er að greina göturnar frá tóft 052 á um 600 m löngum kafla til suðurs þar sem þær verða illgreinilegar vegna gróðurs. Eins fjara göturnar út og hverfa til norðurs þegar kemur inn á deiglandara svæði sunnan við sel 019. Ekki



Götur EY-101:049. Horfi til ASA

er gott að greina fjölda gatna vegna mikils þýfis á svæðinu sem þær liggja um en á köflum hafa 1-2 götur grafist talsvert niður og líkjast paldrar á milli gatna breiðum garðlögum þar. Má segja að göturnar séu allt að 10 talsins á svæði sem er 10-15 m breitt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:050 varða hlutverk óþekkt

518617 608130

Unglegt vörðubrot er 100 m norðan við vörðu 048 og um 2 km vestan við bæ 001, á melhrygg ofarlega í hlíðum Böggvisstaðafjalls. Afgerandi skarð er í fjallinu fast norðvestan við vörðuna sem liggur nálæga norður-suður. Aldur vörðunnar eða hlutverk er ekki þekkt. Á svæðinu er þýfður mói vaxinn lyngi og mosa innan um mela og skriður. Mikið útsýni er frá vörðunni til austurs.



Varða EY-101:050. Á mynd til vinstri er horfi til suðausturs en til suðvesturs á mynd til hægri.

Varðan er tæpur 1 m á lengd og 0,6 m á breidd, snýr norðvestur-suðaustur. Grjótið í vörðunni er af ýmsum stærðum en aðeins það neðsta er skófum vaxið. Varðan er 0,3 m á hæð og er ekki um eiginlegar hleðslur að ræða í henni, heldur hefur grjótinu verið safnað saman í hrúgu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:051 varða samgöngubót

520027 608000



Varða EY-101:051. Á ljósmynd til vinstri er horft til ASA en til austurs á mynd til hægri.

Vörðubrot er um 680 m norðvestan við gamla Böggvistaðabæinn 001 og rúmum 40 m vestan við Dalsgötur 012. Staðsetningu vörðunnar gæti bent til að hún hafi verið samgöngubót og átt að vísa á Dalsgötur 012. Varðan er efst á mel en umhverfis er gróin fjallshlíð. Melurinn er gróðursnauður að ofan en hlíðar hans eru nær algrónar.



Uppmæling á vörðu EY-101:051 sést skástrikuð á lofimynd. Lofimynd: Lofmyndir ehf

Varðan er köntuð í botninn og 2 x 1,5 m að stærð. Hún snýr austur-vestur og er 0,4 m á hæð. Varðan er mosavaxin og hlaðin úr 8-12 steinum, aðeins neðsta umfarið sést.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:052 tóft hlutverk óþekkt

519434 608613

Fornleg og nokkuð skálalaga tóft er í hlíðum Böggvissstaðafalls um 100 m SSA við sel 019 á Selhóli og 135 m VSV við þústir 053. Tóftin er framarlega á flatri tungu eða hólí sem gengur út úr hlíðinni til austurs og er hátt fram af honum til austurs. Varða 054 er í grýttu jarðvegsrofi sem er fast norðan við tóftina. Tungan eða hóllinn sem tóftin er á er þýfð og lyngi vaxin ef frá er talið jarðvegsrof nyrst á hólnum sem ógnar tóftinni en það er komið alveg upp að norðurenda hennar. Víðsýnt er af hólnum til austurs.

Tóftin er nánast útlött, er 14x7 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er sýnilegt op á



Tóft EY-101:052. Á mynd til vinstri er horft yfir götur 049 og tóftina (til ASA) en á mynd til hægri til NNA.



Uppmæling á tóft EY101:052. Loftmynd: Loftmyndir ehf

tóftinni og virðist hún vera einföld. Þó má óljóst greina þrengingu sunnan við miðja tóft þar sem veggur kann að hafa skipt henni í tvö rými. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,3 m á hæð. Hún er öll lyngi vaxin, einkum þó krækiberjalyngi. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Staðsetning hennar og lögun gæti bent til þess að þarna hafi verið beitarhús í fyrndinni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


EY-101:053 þúst hlutverk óþekkt

519574 608643

Tvær fornlegar þústir eru norðan við gildrag í hlíðum Böggvisstaðafjalls um 190 m suðaustan við sel 019 á Selhóli og 135 m ANA við fornlega tóft 052 ofar í hlíðinni. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt. Minjarnar eru í þýfðum lyngmóa í aflíðandi halla til austurs. Þær skera sig úr umhverfinu að því leyti að á þeim er ekki sama stórþýfið og í kring og á þeim vex meira af krækiberjalyngi en í næsta nágrenni.



Þúst EY-101:053_01 til vinstri (horft til vesturs) en þúst 02 til hægri, horft til vesturs



Uppmæling á þústum EY101:053_01-03. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Þústirnar eru á lágri hæð á svæði sem er 20x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestari þústin 02 er fremur ferköntuð en þó eru horn hennar rúnuð. Hún er 7x6,5 m að flatarmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð og er öll lyngi vaxin. Nærri suðurhorni er grunn lægð. Þar virðist hafa verið jarðvegsrof sem hefur gróið aftur. Óljóst má greina innanmál veggja á norðaustur- og suðausturhlíðum. Á milli þústanna eru 4 m. Suðaustari þústin 01 er minna afgerandi og mörk hennar til norðvesturs eru ekki ljós. Hún er 6x5 m að stærð og snýr eins og hin þústin. Ekki sést móta fyrir innanmáli veggja í þústinni en hæð hennar er mest á suðausturhlíð þar sem hún er 0,2 m há. Suðaustan við þústina er óljós brún sem kann að vera náttúruleg en ekki er útilokað að þetta mannvirki hafi náð lengra til suðausturs. Í næsta nágrenni eru slétt svæði þar sem einnig vex mikið af krækiberjalyngi eins og á þústunum. Þessi svæði skera sig úr umhverfinu en ekki er að sjá að innan þeirra séu mannvirki. Mögulega hefur verið jarðvegsrof þarna sem hefur gróið aftur. Eitt slíkt svæði er 17 m norðaustan við þústirnar og kemur til greina að innan þess séu mannvistarleifar þó að það sé mjög óljóst. Svæðið 03 er fremur hringlaga og er 10 m í þvermál. Fast norðaustan við það er jarðvegsrof á litlu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-101:054 varða hlutverk óþekkt

519434 608630

Lítillfjörleg varða er tæpa 10 m norðan við fornlega rúst 052, norðan í sömu hæð. Varðan er um 1,5 km norðaustan við bæ 001. Varðan er á skallabletti í mel eða hrygg sem er að mestu lyngivaxinn. Í fjallshlíð sem hallar til austurs.



Varða EY-101:054. Á mynd til vinstri er horfi til NNV en til suðausturs á mynd til hægri



Uppmæling á vörðu EY-101:054. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Varðan er 1,6 x 1,2 m stór og er aðeins lengri norðvestur-suðaustur. Hún er 0,3 m á hæð. Grjótið í henni er að nokkru leyti hrúnið en varðan virðist hafa verið óvönduð. Hleðslur eru ógrónar og ekkert bendir til þess að varðan sé mjög gömul. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin og má vera að hún hafi aðeins verið dægrastytting einhvers sem gekk um svæðið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Uppmæling á mögulegum svarðargröfum EY-101:055. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Meintar svarðargrafir eru um 500 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 40 m sunnan við göngustíg um fólkvanginn í Bökkvísstaðalandi. Á þessu svæði er grasi gróið, deiglent sund á milli lyngivaxinna hæða sem afmarka deiglendið á alla vegu. Svæðið er deiglent en ekki blautt. Það er á kafi í háu grasi

Svæðið er um 30 m á kant og er mjög gróið og ekki fullvíst að mór hafi verið tekið þar þótt ýmislegt bendi til þess og helst sú staðreynd að það er hak eða hryggur ofan við það svæði sem virðist líklegast sem svarðargröf en svæðið þar ofan við er óljósara og ekki greinilegar mógrafir þótt mögulegt er að þar hafi líka verið tekinn svöður. Á nokkrum stöðum virðast fremur skarpar línur á mörkum deiglendis og móans og virðist það líklegur niðurgröftur.



Horft yfir meintar svarðargrafir EY-101:055 til ASA.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-103 Brimnes

Sögulegt ágríp

Um Brimnesá er getið í frásögn Svarfdælasögu af baradagnum við Hyltinganaust, en ekki er þar getið beinlínis um bæinn - ÍF IX, 191.

9.2.1421 votta þrír menn að tveir menn gáfu þann vitnisburð Birni Jónssyni "at þeir uissu fyrir full sannendi at jordin a brimnesi j suarbadardal aa reka allann. fra steini hinum stora er stændr j flæðinni. gegnt gardzendanum. at sunnan verdri dælinni storu. sudr fra bænum. ok vt at brimness osi hinum forna ok sua vissu þeir at þorsteinn logmadr vrskvrdadi þessi somu reka mork. þa vm var kiært. ok sijdan var þetta rekamark haft akallzlaust." DI IV, 289.

1441 selur Björn Jónsson sr. Jóni Pálssyni Brimnes og Böggustaði í Ufsapingum fyrir 60 hdr - DI IV, 619-20.

1441 selr sr. Jón Pálsson Jóni Finnbogasyni Böggustaði og Brimnes fyrir 60 hdr - DI IV, 621-22.

1469 selur Halldór Jónsson Eyjólfí Arnfinssyni Brimnes og rekann sem jörðinni tilheyrir "landeign vpp aa molldbreckur. þessi rekamörk. fra brimnesaar osi oc j sten þann er stendr i midri diupudæl. voru þessar jtaulor oc greindar vpp j bauggustada iord. háalfsmanadar teigur aa flæðarnar oc holm þann er kallazt brimnesholmr. enn beit a branzdal fyrer sunnan fram j dalnum aullu bufæ nær sem beita vill vetur edur sumar." og greiddi Eyjólfur 12 hdr fyrir Brimnes - DI V, 539-40.

1476 eignaðist Guðni Eyjólfsson til kaups við Guðrúnu Þorkelsdóttur m.a.a Brimnes fyrir 10 hdr - DI VI, 92.

1485 selur Gunnlaugur Þorkelsson Ólafi Hólabiskupi Brimnes og rekann með jörðinni - DI VI, 537.

1520 er Brimnes talið meðal þeirra jarða sem borist hefðu undir Hólastól í tíð Gottskálks biskups "xc. iiij kugilldi. landsylld. x. aurar." DI VIII, 729.

1525 er Brimnes meðal Hólastósljarða - DI IX, 301.

1550 eru með Hólakirkjújörð Brimnesi ".iiij. kugillde. landskylld .x. aurar og dagslatta." DI XI, 867.

1569: "Med Brimnesi [landsk] .x. aurar [med tiundum kug.] .iiij." Hólareikningur - DI XV, 228.

1570: "Med Brimnesi .iii. kug." Hólareikningur - DI XV, 459.

1712: 10 hdr. JÁM X, 47.

1839: "... hrjóstrugt og heyskaparlítið kot, hollt fyrir sauðkind sökum þurrlendis og hagkvistis." SSE, 68

1917: 2.5 ha. 5/6 slétt. Gardar 150 m2.


1958: Búskap á jörðinni lauk. BE 1990, 130

Á þríhyrnda landræmu sunnan Brimnesár upp á Böggvisstaðadal og er vafalaust byggð úr landi Böggvisstaða. Átti engjatak í Böggvisstaðafælðum. Nú eign Dalvíkurbæjar sem að hluta er byggður í Brimneslandi.

EY-103:012 *Selból* tóftir sel

519459 608830

"Sunnan og ofan Moldbrekkna eru votlendar flatir og sléttar lautir, Sellautir [landamerki]. Tveir eru þar Selhólar, sá minni í Brimneslandi, en sá stærri í Böggvisstaðamegin," segir í örnefnalýsingu. Selið er á hól í Böggvisstaðafjalli, um 1,5 km vestan við gamla bæinn 001. Ef Sellautum er fylgt upp fjallilið líkt og farið væri inn á Böggvistaðadal sést stór hól sunnan við flatirnar, það er Selhóllinn í landi Böggvisstaða. Neðan við hann er mýri og rétt norðan við hólinn er minni hól. Á honum eru tóftirnar. Minjarnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá voru minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu. Sellautirnar eru mýrlendar en þorna mikið upp á sumrin enn allt í kring eru melhólar, víða grónir lyngi. Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni fyrrverandi byggingafulltrúa Dalvíkur var svolítill heyskapur og svarðartaka á þessum slóðum allt fram undir miðja 20. öld. Svæðið er aflíðandi deiglendi í halla til austurs í fjallshlíð Böggvisstaðafjalls. Sjálfur hólinn er á kafi í elftingu og grasi.



Uppmæling á seljarústum EY-103:012. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Horft yfir tóft 01 og til ASA (á mynd til vinstri). Á mynd til hægri er horft yfir þúst 03 og til austurs

Minjaheildin er 30 x 15 m stór og snýr austur-vestur. Á svæðinu er rústahóll með seltóft á 01, önnur lítil tóft í hóljadrí 02, gróinn hóll með þúst eða tóft þar neðan við 03 og svo niðurgroftur þar hjá 04. Hér verður hverri einingu lýst og hefst lýsingin á sjálfu selinu 01. Seltóftin er efst eða vestast á svæðinu. Hún er á rústahól sem er nokkuð veglegur, 15 x 13 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er 1-1,2 m hærri en umhverfið. Hann sker sig úr mýrinni sem er allt í kring. Það vex víðir fast ofan við tóftina. Allra vestast á hólnum er seltóftin. Hún er þrískipt, óregluleg og hlaupin í þúfur. Tóftin er 11 x 7 m stór og snýr norður-suður. Veggir hennar eru 0,3-0,4 m hæð en eru að talsverðu leyti hlaupnir í þúfur. Nokkuð erfitt er að greina lag tóftarinnar en gerð var tilraun til að lesa í þýfið og má segja að líklegast hafi tóftin skipst upp í þrjú hólf. Svöltil göng eru til vesturs að því nyrsta og er það gróflega áætlað 2,5 x 1,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í miðjunni er annað lítið hólf sem einnig er með opi á austurhlíð. Það er ríflega 2 m á kant. Syðst er svo þriðja

hólfið, einnig með opi á austurvegg og er það tæpir 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Fyrir framan eða austan tóftina er hálfgerður stallur þar sem greinilega eru uppsöfnuð mannvistarlög undir sverði en ekki er hægt að sjá tóftarlag. Utan í hólnum er tóft 02 en aðeins eru um 3 m á milli hennar og seltóftar 01. Hún er L-laga og 4,5 x 3,5 m stór og snýr h.u.b. norður-suður. Tóftin er byggð utan í hólinn þannig að hólinn myndar vesturhlíð hennar. Veggir hennar eru 0,2 m á hæð. Tóft 03 er ríflega 12 m austan við tóft 01. Hún er í raun rústahóll sem er 8,5 x 7 m stór og snýr austur-vestur. Ekki er ólíklegt að tvö hólf hafi áður verið í tóftinni en nú er aðeins það vestara greinilegt um 2,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er vaxin elftingu og veggir hennar eru 0,5-0,6 m á hæð. Um 9 m austan við seltóft 01, á milli hennar og tóftar 03 virðist vera niðurgröftur 04. Á þessum stað er reglulegur, ferhyrningslaga niðurgröftur og má vera að torf verið rist þar. Niðurgröfturinn er um 2,5 m á kant og sést best að sunnan og austan. Dýpt 0,5 m. Allt svæðið var á kafi í grasi þegar það var skráð í októberbyrjun 2019 og veggir eru að talsverðu leyti hlaupnir í þúfur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dalv, 352

EY-103:014 tóft stekkur

519973 608600

Þrjár tóftir (014, 020 og 022) eru neðst í Löngulaut í hlíð Böggvisstaðafjalls og um 1 km vestan við bæ 001. Tóftirnar eru í nágrenni þess staðar þar sem akvegur endar í bílastæði (og slóði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur heldur áfram). Þrátt fyrir að tóftirnar þrjár séu ekki fjarri hver annarri virðast þær ekki hluti af sama minjastað heldur er líklegra að þarna hafi verið þrjár stekkir, hugsanlega frá mismunandi tímaseiðum. Tóft 014 er um 40 m norðvestar en tóft 020 og 50 m austan við tóft 022. Minjarnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í



Uppmæling á stekkjartóft EY-103:014. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Tóft EY-103:014. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til vesturs á mynd til hægri


október 2019 og þá voru minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu. Tóftin er í lyngivaxinni laut neðan við mjótt gil. Fjallshlíðin er öll lyngivaxin. Hóll, ekki hár, er austan við tóftina.

Tóftin skiptist í tvö hólfi og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 12x4 m að stærð og er op inn í hana í suðausturenda. Þar er komið inn í aflangt hólfi sem er 5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ofan og norðvestan við það er lítið hólfi sem er 2x1,5 m að innanmáli og snýr þvert á fremra hólfið. Norðaustur-veggurinn hefur verið hlaðinn alveg að hólnum og nær lengra til austurs en suðvesturveggurinn. Hóllinn er kúptur og er gott útsýni af honum.

Hættumat: stórhætta

EY-103:019 renna sundlaug

520616 608571



Renna EY-103:019_02 og fyrirhleðsla 03 sem láu að sundlaug 01 Loftmynd: Loftmyndir ehf



Minjar EY-103:019. Á mynd til vinstri er renna 02 (horft til norðvesturs) en á mynd til hægri þúst 03 (horft til suðausturs).

Suðvestan við Dalvíkurkirkju er allhár strýtumyndaður hóll, kallaður Stórhóll. Um 100 m norðan við hann, vestan við vegarslóða er liggur í átt að hólnum, er alldjúp laut/bolli þar sem synt var og sund kennt. Vatni var veitt úr Brimnesá eftir mjóum og grunnum skurði í lautina og sjást enn ummerki um hann á kafla. Skurðurinn var skráður þegar deiliskráning fór fram í Böggvisstaðafjalli haustið 2019.

Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni, heimildamanni voru áður tveir pollar á þessum stað. Öll ummerki um þann eldri eru horfin í tún en hann var nokkru neðar en ummerkin sem greinileg eru. Bollinn sem sundlaugin var í er að miklu leyti náttúrumyndaður þó eitthvað virðist hafa verið átt við norðurbakkann og að hluta austurbakkann líka. Þar er lyngivaxið en nokkur uppblástur er á svæðinu. Í botni bollans er 1,2 m hátt kjarr sem óx upp eftir að landið var friðað fyrir beit. Bollinn er næstum því ferhyrndur og dýpstur í norðurenda. Hann er allstór, ríflega 40 m á kant. Skurðurinn sem veitti vatni úr Brimnesánni í bollann sést þar sem hann liggur til suðausturs frá uppbyggðum malarvegi sem liggur upp með Brimnesá. Ekki er útilokað að ummerki um skurðinn sjáist einnig norðan við þennan sama veg, á milli hans og árinna en það svæði var ekki innan deiliskipulagsreits sem tekinn var út 2019 og því ekki kannað. Skurðurinn sést á tæplega 90 m löngum kafla þar sem hann liggur um smáþýfðan móa. Hann hverfur í suðausturenda í jarðvegsrofi rétt áður en kemur að bollanum sem sundlaugin var í. Skurðurinn er mjór, aðeins 0,1-0,2 m á breidd og allt að 0,3 m djúpur þar sem hann er dýpstur. Uppmökstur úr skurðinum virðist vera á norðausturbakka hans. Nærri norðvesturenda skurðarins, sunnan við uppbyggðan malarveg, er þúst ofan á honum, mögulega e.k. stífla. Hún er 0,2 m á hæð, 4x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-103:020 tóft stekkur

520011 608572

Þrjár tóftir (014, 020 og 022) eru í hlíð Böggvisstaðafjalls og um 1 km vestan við bæ 001. Tóftirnar eru í nágrenni þess staðar þar sem akvegur endar í bílastæði (og slóði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur heldur áfram). Þrátt fyrir að tóftirnar þrjár séu ekki fjarri hver annarri virðast þær ekki hluti af sama minjastað heldur er líklegra að þarna hafi verið þrjár stekkir, hugsanlega frá mismunandi tímaseiðum. Tóft 020 er um 40 m suðaustar en tóft 014 og 27 m sunnan við tóft 022 en ekki sést á milli fornleifanna. Minjarnar voru upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá voru minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu. Tóftin er í hvilft eða laut í skjóli að norðan og vestan. Austan við er aflíðandi brekka en sunnan við rennur lítill lækur niður hlíðina. Tóftin er vaxin grasi og lyngi en talsverður grasvöxtur er til suðurs og austurs frá henni.



Uppmæling á stekkjartófti EY-103:020. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Stekkjartófti EY-103:020. Á mynd til vinstri er horft til ANA en til ASA á mynd til hægri.


Tóftin er 10,5 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Hún er tvískipt. Stærra hólfið er austar og er um 3,5 x 2 m að innanmáli. Op er á það á austurgafli. Ekki er op á milli hólfa. Vestara hólfið er 1,7 x 1 m að stærð. Tóftin er í svolitlum halla til austurs. Veggir hennar eru algrónir og 0,4 m á hæð en rúmlega 1 m á breidd. Talsvert dæld er meðfram norðurhlið tóftarinnar líkt og torf hafi hugsanlega verið skorið þar og nær niðurgröfturinn upp fyrir norðvesturhorn tóftarinnar. Lag tóftar og staðsetning bendir einna helst til að hún hafi verið stekkur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-103:021 náma svarðargrafir/mógrafir

519389 608833

Talsverðar svarðargrafir eru norðan við Selhól, á milli selja 101:019 og 103:012. Grafirnar eru fast sunnan við veginn sem liggur upp á Böggvisstaðafjall en um 1,5 km austan við bæ 001. Deiglendi í halla til austurs. Stór hól (Selhóll) er sunnan við svæðið og víða umhverfis mýrlendið eru lyngivaxnir hryggir.



Uppmæling á svarðargröfum EY-103:021. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Gröf EY-103:021_01 til vinstri (horft til austurs) en gröf 02 til hægri (horft til norðurs)

Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni fyrrverandi byggingafulltrúa Dalvíkur var svolítill heyskapur og svarðartaka á þessum slóðum allt fram undir miðja 20. öld. Á þessum slóðum eru fjölmargar, mis stórar og skýrar svarðargrafir og verður hér gerð tilraun til að greina frá þeim helstu en í raun má segja að svarðargrafasvæðið sé í heild um 160 x 80 m stórt og snýr austur-vestur. Innan svæðisins eru á nokkrum stöðum þústir sem gætu verið móstæði og eru þau einnig skráð með innan þessa sama minjastaðar. Gröf 01 er lang skýrust grafanna. Hún gæti verið yngri en

margar þeirra en eins má vera að þar hafi verið besti svörðurinn og því fleiri stungur og gröfin dýpri sökum þess. Gröf 01 er 20 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Skurður eða læna gengur frá henni til austurs úr norðausturhorni, niður brekkuna. Gröfin skiptist í þrjú þrep eða stalla og dýpst austast, allt að 1,5 m á dýpt (en efst 0,6-0,7 m). Bakkar grafarinnar eru beinir og gröfin er enn blaut. Gröf 02 er um 40 m neðan við 01. Hún er 28 x 13 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Brúnir hennar eru grónar en þó ennþá skýrar og gröfin er um 0,7 m á dýpt og enn blaut. Ummerki um gröf 03 eru mjög óljós og í raun sést vart meira en það sem líklega hefur verið vesturbrún hennar. Hún er 5-10 m ofan (vestan) við gröf 02. Þar virðist hægt að greina niðurgroft en svæðið austan við, þar sem grafirnar hafa líklega verið er nú algróið, deiglent og önnur mörk grafarinnar því óljós. Af vesturbrúninni að dæma gætu grafirnar hafa verið um 30 m langar. Gröf 04 er lítil gröf, L-laga. Hún er 3-4 m á kant en úr norðausturhorni gengur renna eða læna frá gröfinni og niður hliðina og ofan í næstu gröf fyrir neðan (sjá 05). Gröfin er 0,5-0,6 m djúp og hún er enn blaut. Gröf 05 er 20 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Hún er neðar í hliðinni en 04. Bakkar hennar eru skýrir en grónir og hún er 0,7 m á dýpt. Gröfin er nú fremur þurr. Gröf 06 er stök gröf spottakorn frá því svæði sem flestar grafanna eru. Gröfin er við hliðina á seli 012 og aðeins 10-20 m á milli. Gröfin 7 x 3 m stór og er 0,7-0,8 m á dýpt. Hún er mjög regluleg og blaut í botninn. Hún snýr austur-vestur. Svarðargröf 07 er um 13 m norðan við gröf 02. Hún er mjög lítil en afgerandi og full af vatni. Gröfin er 1,3 x 0,3 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Gröf 08 er 2 m austan við gröf 07. Gröfin 6,5 x 7 m stór og nokkuð óregluleg og deiglend á köflum. Svarðargrafir 09-10 eru mjög blautar grafir og má segja að þar sé bara reglulegur vatnpollur í mýrinni. Gröf 09 rúmum 10 m ofan eða vestan við gröf 07. 09 er regluleg og um 1,5 m á kant full af vatni. Gröf 10 er 4-5 m NNV við gröf 09. Gröf 10 er 4,5 x 2 m stór. Hún er aflöng og meira eins og gróðurbreyting í mýrinni. Tvær þústir 11 og 12 eru utan í grónum hrygg í jafri grafasvæðisins og gæti verið um móstæði að ræða. Austari staðurinn, 11, er 3 x 5 m stór, nokkuð ólöguleg og snýr austur vestur. Þústin er aflöng og um 0,2 m hærra en umhverfið. Efri þústin, 12, er 8 x 2 m stór og snýr einnig austur-vestur. Þúst 013 er eins konar bingur eða hrúgald vaxið grasi sem er 7.5 m norðan við gröf 02. Það virðist ekki náttúrulegt og virðist líklegt að þarna sé fundin þúst af móstæði eða –stakk þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Á þústinni vex nú mjög hátt gras sem sker sig úr umhverfinu. Þústin er óregluleg og ekki fullvíst að um mannvistarleifar sé að ræða en staðurinn fékk þó að njóta vafans. Hann er 6,5 x 4,5 m stór og snýr norður-suður. Hann er 0,5-0,7 m hærra en umhverfið. Þúst 014 er áþekk 013 og er fast norðan við gröf 08. Hún er 6,5 x 4 m stór og snýr austur vestur. Hún er óregluleg og 0,5-0,7 m á hæð en ekki er hægt að tala um innanmál þar sem um hálfgerðan stall er að ræða. Rétt er að geta að fleiri „minni“ stakkar gætu verið víðar í mýrinni.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-103:022 tóft stekkur

520026 608604



Ummerki stekkjara EY-103:022, eru óljós en á myndunum tveimur er horft yfir stekkin. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til austurs á mynd til hægri.



Uppmæling á stekkjartóft EY-103:022. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Þrjár tóftir (014, 020 og 022) eru neðst í Löngulaut í hlíð Böggvisstaðafjalls og um 1 km vestan við bæ 001. Tóftirnar eru í nágrenni þess staðar þar sem akvegur endar í bílastæði (og slóði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur heldur áfram). Þrátt fyrir að tóftirnar þrjár séu ekki fjarri hver annarri virðast þær ekki hluti af sama minjastað heldur er líklegra að þarna hafi verið þrjár stekkir, hugsanlega frá mismunandi tímaseiðum. Tóft 022 er 30 m NNA við tóft 020 og 50 m austan við tóft 014. Tóftin er í gróinni kvos í norðurjaðri Löngulautar. Innan hennar og í kringum hana er gras og lynggróður. Neðar í fjallshlíðinni og neðan við lautina eru hæðir og hólar og er rof efst í mörgum þeirra.

Tóftin er tvískipt, 10x6 m að stærð og snýr NNV-SSA. Op er inn í hana í SSA-enda inn í hólfi sem er 3x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki sést op úr þessu hólfi inn í aftara hólfið sem er í NNV-enda og er 2,3x1,8 m að innanmáli. Það snýr þvert á fremra hólfið. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir inn í kvosina sem tóftin er í og eru aðeins 0,2 m á hæð utanmáls en innanmáls eru þeir 0,5-0,6 m á hæð. Nokkuð afgerandi skarð er inn í ANA-langvegg, á milli hólfa. Líklega er það tilkomið vegna rofs frekar en að þarna hafi verið annað op inn í tóftina. Hvergi sést í grjóti í veggjum og er hún nokkuð fornleg að sjá. Vestan við tóftina má greina ummerki um efnistöku í kvosinni. Tóftin er í aflíðandi halla til SSA.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-103:023 tóft hlutverk óþekkt

519484 608884

Fornleg, aflöng og lyngivaxin tóft er um 160 m NNA við Selhól 101:019, innan við 10 m austan við veginn upp Böggvisstaðafjall. Tóftin er 1500 m vestan við bæ 001. Tóftin er á lyngivöxnum hrygg sem liggur austur-vestur í hlíðinni. Í fjallshlíð sem hallar til austurs. Beggja vegna við hrygginn eru dældir sem liggja niður brekkuna.

Tóftin er 20 x 9 m stór og snýr austur-vestur. Hún ef aflöng og mögulega svolítið skálalaga. Veggir hennar eru nokkuð tröllauknir, breiðir og lyngi vaxnir fornlegir og allt að 2-3 m á breidd en



Uppmæling á tóft EY-103:023. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Fornleg tóft EY-103:023. Á mynd til vinstri er horft til ANA en til SSV á mynd til hægri


0,6-0,7 m á hæð. Tóftin skiptist upp í 2-3 hólf. Austast í henni er langt hólf (um 5 x 0,8 m stórt) en vestar annað hvort eitt eða tvö hólf en mörkin eru ekki skýr. Séu hólfín tvö má segja að hvort þeirra sé um 2-2,5 m að stærð en annars eitt hólf allt að 5 m að lengd. Suðurbrún tóftarinnar er nokkuð óskýr á kafla og leysist upp í þýfi. Ekki er greinilegt op á tóftinni. Óljós ummerki um efnistöku eru fast sunnan við tóftina. Ekki er vitað í hvaða tilgangi tóftin var byggð en ekki er ólíklegt að það tengist útbeiti enda er hún nálægt yngri selstaðum og svæðið gömul selstaða frá bæði Brimnesi og Böggvisstöðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-103:024 gata leið

519794 608762

Allgreinilegar götur sjást á kafla frá Brimnesá sunnan við tóft 028 sem stefna til vesturs að Sellágum (sjá EY-101:019 og 012). Ætla má að þessi leið hafi legið á milli Brimness 001 og sels 012. Leiðin liggur skáhallt upp hlíðar Böggvisstaðafjalls um þýfðan lyngmóa. Í hlíðum fjallsins er víða talsvert jarðvegsrof efst á hæðum og hólum.



Uppmæling á leið EY-103:024. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Götur EY-103:024. Á drónamynd til vinstri má sjá hvar göturnar liggja upp fjallið þvert á núverandi götu (horft til NNV). Á mynd til hægri er horft yfir sneiðingana, til ANA.

Leiðinni var fylgt á 450 m löngum kafla þar sem þær sjást nokkuð skýrt en eru sundurskornar af vegar slóða sem liggur upp með ánni. Götur sjást ekki næst ánni vegna jarðraskis sem þar hefur verið. Þar sem göturnar eru hvað greinilegastar eru þær 6-8 saman á 8-10 m breiðu svæði. Líklega eru fleiri götur sunnar en þær sjást orðið mjög illa. Götur eru fremur grunnar og ósamfelldar, fyrir utan 1-2 götur sem eru enn farnar og eru 0,2 m á breidd og 0,1 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-103:025 náma svarðargrafir/mógrafir

518914 608661

Um 200 m austan við mörk deiliskipulagsreits á Böggvisstaðafjalli er deiglendi og í því sérkennilegar og reglulega dældir sem kunna að vera náttúrulegar en gætu einnig verið merki um svarðargrafir og var staðurinn látinn njóta vafans. Þær eru um 30 m vestan við slóða sem liggur upp fjallið.



Uppmæling á svarðargrafarsvæði EY-103:021. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Mögulegar svarðargrafir EY-103:025. Horft til NNV.

Deiglendið er í brekkukverk en sunnan við er brekka vaxin lyngi. Á því svæði sem skráð var voru 20-30 reglulegir deiglendispollar sem voru víða 1-1,5 á lengd (norður-suður) en 0,5-0,8 m austur-vestur. Pollarnir voru fullir af vatni. Svæðið er samtals 15 X 11 m stórt og snýr norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Staðsetning vörðu EY-103:026. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Tvær myndir af vörðu EY-103:026. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en til austurs á mynd til hægri.

Hrunin varða eða grjóthrúga er á melkollu í hólóttu landslagi neðan við Böggvisstaðafjall nærri Brimnesá. Greinilegur göngustígur er litlu vestar en þó það langt frá að hann er líklega óviðkomandi meintri vörðu. Manngerð tjörn er norðaustan við vörðuna sem vatni er veitt í úr Brimnesá. Varðan er 240 m vestan við sundlaug 019 og 340 m sudaustan við tóft 028. Melurinn sem varðan er á er fremur flatur að ofan og nánast allur jarðvegur farinn af honum að ofanverðu en hliðar hólsins eða hæðarinnar eru grónar.

Varðan er ekki á hæsta punkti melsins, heldur aðeins vestan við hann. Staðsetningin er þannig að það er ekki auðvelt að koma auga á vörðuna og tilgangur hennar óljós. Mögulega er um ungar minjar að ræða en aldur þeirra er ekki þekktur. Grunnflötur meintrar vörðu er fremur ferkantaður og er rúmur 1 m á kant. Hleðslur eru allar hrundar. Grunnflöturinn er það stór varðan virðist ekki hafa getað risið hátt þegar hún stóð miðað við það magn af grjóti sem er í henni. Varðan er 0,2 m á hæð þar sem hún er hæst, í miðju. Grjótið í vörðunni eru skófum vaxið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Uppmæling á tóft EY-103:027. Lofmynd: Lofmyndir ehf



Tóft EY-103:027. Á mynd til vinstri er horft til ANA en til SA á mynd til hægri

Fornleg tóft er á flötum hjalla litlu norðvestan við vegarslóða sem liggur upp með Brimnesá til vesturs. Tóftin er nærri árbakkanum, suðaustan undir hárrí og brattri brekku í Böggvisstaðafjalli. Fast ANA við tóftina eru ummerki um talsvert jarðrask en þar hefur svæði verið sléttað að nokkru og vex þar grasgróður. Í suðvesturhorni svæðisins eru stór björg sem ýtt hefur verið út af sléttaða svæðinu. Tóftin er 650 m austan við sel 012 og um 1 km norðvestan við bæ 001. Tóftin er í þýfðum lyngmóa (fremur rýrum) og er hún vaxin samskonar gróðri og umhverfið. Ofan og NNV við hana er kantur sem virðist geta hafa myndast við efnistöku eða jarðvegsrof.

Tóftin er 12x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er nokkuð skýrt afmörkuð

og eru veggir hennar 0,3-0,5 m á hæð utanmáls. Tóftin er flöt að ofan og í henni sjást tvær dokkir, líklega innanmál tveggja hólfa. Annað hólfið er í miðri tóftinni, um 1 m á lengd og 0,6 m á breidd. Hitt hólfið er nærri norðausturenda og er 1 m á lengd og 0,5 m á breidd norðaustast en mjókkar til suðvesturs. Bæði hólfin eða dokkirnar eru 0,2-0,3 m á dýpt. Ekki sjást op inn í hólfin eða á milli þeirra. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt en helst kemur til greina að um beitarhús sé að ræða, sé miðað við staðsetningu, útlit og fjarlægð frá bæ.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

EY-114 Hrafnstaðir

Sögulegt ágríp

Einnig Hrappsstaðir. "...annarr [sonur Karls ómála á Upsum hét] Hrafn, er bjó á Hrafnstodum." Svarfdæla saga, ÍF IX, 207. Einnig getið í Þjóstólfs sögu hamramma.

1461: "a hrafnstodum bænhús ok er uppi." DI V, 356.

1537 selur Brandur Helgason Jóni Hólabiskupi Hrafnstaði fyrir Syðra Holt - DI X, 105.

1552: "Hrafnstaðir. vj. kugilldi. i 1/2 c." meðal jarða sem Ari Jónsson hefur átt - DI XII, 464.

1712: 30 hdr. JÁM X, 49-50. Konungsjörð Aragerði - síðar Hrafnstaðakot - hjáleiga á 17. öld og aftur frá 19. öld.

1839: "...landkreppujörð og votengjasöm, meðalgóð að heyskap." SSE, 68;

1917: 10 hdr. 1712. 2.4 ha. 2/3 slétt. Garðar 950 m².

1990: "Túnin teygja sig hátt til fjalls og niður að veginum en neðan hans eru víðlendar engjar .." BE 1990, 116

EY-114:005 garðlag landamerki

519383 607358

"Nordurmerkin eru úr sunnanverðum Árgerðisósi við Svarfaðardalsá, þaðan Merkjagarður (nyrðri) upp norðanvert í svonefndum Ennum [...] og sést þar enn fyrir honum. Þessi merkjagarður nær upp í Sveitarlang og hafa merkin legið eftir honum þvert suður ofan bæjanna," segir í örnefnalýsingu. Enn fremur segir þar: "Þetta höfðar til eftirfarandi munnmælasögu um landamerkin milli Böggvisstaða [EY-101] og Hrafnstaða: Þegar þeir bræður, Böggviður og Hrafn, synir Karls ómála (Karlssonar rauða) höfðu sett bú saman á Böggvisstöðum og Hrafnstöðum, ákváðu þeir að gera merkjagarð milli landareigna sinna. Segir ekki af þeirri framkvæmd frá Dalsá upp að Sveitarlangi, en þar fyrir ofan, hermir sögnin, að þeir hafi byrjað í fjalli með því samkomulagi, að sá sem fyrri yrði að byggja upp sína helft mannvirkisins, skyldi ráða stefnu garðsins. Hófu þeir svo



Uppmæling á landamerkjagarði EY-114:005. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Merkjagardur EY-114:005. Á mynd til vinstri er horft til ASA en til austurs á mynd til hægri.

verkið og miðaði Böggvi(ði) stöðugt betur, svo að land Hrafns mjókkaði því meir, sem neðar dró. Þegar komið er að Sveitarlangi, eru merkin með þessum hætti komin suður fyrir Hrafnsstaðabæ (og Hrafnsstaðakotsbæ), eins og sjá má enn í dag." Gardurinn er einnig nefndur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712: "Úthagarnir eru yfirmáta litlir, og er vallargardurinn fyrir ofan og utan landamerki, so að stöðullinn og hálfar kvíarnar eru í Böggustaðalandi." Gardurinn var upphaflega skráðar í ágúst 1999 en aftur var farið á vettvang í október 2019 og þá var hann mældur upp með nákvæmum hætti og bætt við lýsingu. Gardurinn er um 1,1 km VNV við bæ 001 og rúmum 80 m NNV við vörðu 025. Merkjagirding milli Böggvisstaða EY-101 og Hrafnsstaða er nú (2019) um 40-50 m sunnan við gardlagið. Gardlagið liggur skáhallt um Böggvisstaðafjall og þræðir þar gegnum mishæðir, deiglent svæði og gróna klettahóla.

Gardurinn er torfhladinn, mikið siginn og líklega forn í grunninn. Hann er 0,1-0,5 m hár og er austasti hluti hans veglegastur. Gardurinn er um 650 m á lengd og óljósa línu má greina í framhaldinu til vesturs í um 150 m til viðbótar. Gardurinn er víða um 1 m breiður og liggur nálæga í beinni línu til NNV-SSA. Gardurinn er greinilegur en talsvert sokkinn og alveg horfinn á köflum. Hann sést einna best rétt norðan við tún Hrafnsstaða á um 110 m kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Dalv, 348, JÁM X, 50

EY-114:025 varða landamerki

519439 607294

Hrunin varða er rúmum 1,1 km VNV við bæ 001 og um 80 m SSA við landamerki 005 á ílögum mel. Varðan er við landamerki Hrafnsstaða og Böggvisstaða EY-101 og er hugsanlegt að hún hafi



Varða EY-103:025. Á mynd til hægri er horft til SSA en til ANA á mynd til hægri.



verið byggð til að auðkenna þau. Varðan er norðarlega á ílögum og berum klettahrygg sem er neðarlega í hlíðum Böggvisstaðarfjalls. Varðan er 2 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Hún er hlaðin úr stæðilegu grjóti en aðeins neðsta umfarið sést.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda



5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Fólkvangur í Böggsvisstaðafjalli nær til þriggja jarða, Böggsvisstaða, Brimness og Hrafnstaða. Ekki er vitað hvenær þessar jarðir byggjast fyrst en líklega hafa þær allar byggst mjög snemma. Samkvæmt Landnámu nam Þorsteinn svörfuður allan Svarfaðardal⁶ en samkvæmt Svarfdælu nam hann aðeins vestanverðan dalinn og Ljótólfur goði austanverðan dalinn.⁷ Samkvæmt Svarfdælu bjó Karl sonur Karls rauða Þorsteinssonar á Upsum en börn hans samkvæmt sögunni voru þau Boggvir á Böggsvisstöðum, Hrafn á Hrafnstöðum og Yngveldur á Ingvörum.⁸ Allt eru þetta örnefnaskýringar sem er eins líklegt að höfundur sögunnar hafi búið til. Það er óvenjulegt að gera ráð fyrir að jafnágætar jarðir og Hrafnstaðir og Böggsvisstaðir hafi ekki byggst fyrir en með fjórðu kynslóð frá landnámsmanni. Það bendir enn fremur til að höfundur sögunnar hafi ekki verið mjög umhugað um byggðasögu að hann lætur Ytra-Holt vera í byggð í tíð Karls rauða⁹ (afa þeirra sem reistu bú á Hrafnstöðum, Böggsvisstöðum og Ingvörum), en Ytra-Holt var aðeins 16 hundruð að fornu mati á meðan Hrafnstaðir og Böggsvisstaðir voru 30 og 40 hundruð. Sennilegast er að þeir sem fyrst komu að landi í Svarfaðardal til að nema þar land hafi lent á Böggsvisstaðasandi og að þar upp af sé elstu býlin að finna. Brimnesá hefur sennilega snemma deilt löndum og hafa tveir landnámskjarnar orðið til sitt hvoru megin við hana. Annarsvegar á Böggsvisstöðum og Hrafnstöðum og hins vegar á Hóli og Upsum þar sem löngum hefur verið fjölbýlt. Kirkjur eða bænhús voru á þessum fjórum bæjum á miðöldum sem bendir til að byggð þar hafi verið orðin traust í sessi í byrjun 11. aldar en þungamiðja byggðarinnar hefur verið á norðurbakka Brimnesár, á Upsum, enda varð kirkjan þar sóknarkirkja fyrir þessa bæi á 12. öld. Kumlin sem fundist hafa á Böggsvisstaðasandi, við Brimnesá og hjá Lækjarbakka styðja auðvitað að byggð á þessu svæði sé mjög forn. Ekki er vitað hvenær Brimnes byggist en jörðin hefur líklegast byggst úr landi Böggsvisstaða strax á landnámsöld þótt hugsanlegt sé að það hafi verið ívið seinna.¹⁰

Þegar rýnt er í aðrar fornar heimildir varðandi Böggsvisstaði og Brimnes má sjá svipaða sögu birtast þótt stærð og landgæði sé nokkuð misjöfn. Beggja jarða er getið í nokkrum fornbréfum sem varðveist hafa frá 15.-16. öld oftast í tengslum við kaup og sölu á jörðinni eða hvalreka (sjá sögulegt yfirlit í fornleifaskrá). Böggsvisstaðir komust í eigu Möðruvallaklausturs snemma á 16. öld og á svipuðum tímabili hefur Brimnes komist í eigu Hólabiskups og eignarhald á báðum jörðum var

⁶ ÍF I, 252-254

⁷ ÍF IX, 192

⁸ ÍF IX, 207

⁹ ÍF IX, 187

¹⁰ Samantektin byggir á skýrslu um aðalskráningu fornleifa (Adolf Friðriksson ofl. 1999) en einnig má benda á nýlega útgefna bók, Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals eftir Árna Daníel Júlíusson þar sem ítarlega er gerð grein fyrir hugmyndum um landnám og byggðarþróun á svæðinu.

eins 1712 þegar Jarðabók Árna og Páls er rituð. Þá var Brimnes metin á 10 hdr en Böggvisstaðir á 40 hdr.¹¹ Hrafnstaða er einnig getið í fornbréfasafni í tengslum við bænhús á jörðinni á 15. öld og kaup og sölu á henni á þeirri 16. (sjá sögulegt yfirlit í fornleifaskrá) hún var metin á 30 hdr þegar Jarðabókin var rituð 1712.¹²

Landgæði jarðanna þriggja sem koma við sögu í úttektinni endurspeglast í jarðamatinu og ber þar jörðin Böggvisstaðir nokkuð höfuð og herðar yfir hinar jarðirnar tvær. Í Jarðabókinni frá 1712 eru Böggvisstaðir taldir hafa ýmsa kosti s.s. ágæta stungu og torfristu, silungsvæði, reka og grastekju og engjar í Skáldalækjarey. Lending á jörðinni er sögð góð en verbúðir þá engar en höfðu



Yfirlitsmynd 1 og 2 sem sýna landslag og gróðurfar á neðanverðu (austanverðu) úttektarsvæðinu. Á mynd til vinstri er horft til suðurs yfir suðurhluta svæðis þar sem skiptast á lágir melar og deiglend sund. Á mynd til hægri er horft yfir miðhluta austursvæðis og yfir Dalvík. Á þeirri mynd má sjá þá polla eða vötn sem enn eru á norðaustanverðu svæðinu og hluta af þeirri skógrækt sem er innan reitsins



Yfirlitsmynd 3 og 4 sem sýna landslag og gróðurfar á ofanverðu (vestanverðu) úttektarsvæðinu. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs yfir suðurhluta svæðisins vestanverðs. Þar er talsverður bratti en svæðið er að miklum hluta lyngivaxið. Á mynd til hægri er horft til vesturs yfir norðurhluta fjalllendisins sem er innan deiliskipulagssvæðis, í átt að Selhólum.

¹¹ Sjá sögulegt yfirlit í fornleifaskráningu og JÁM X, 47-49

¹² JÁM X, 49

áður verið 4-5. Útigangur á jörðinni er þó talinn í lakara lagi og túni og engjum spillir vatnsagi. Kostir Hrafnstaðajarðarinnar virðast þá umtalsvert lakari þótt aðeins muni 10 hundruðum á jarðamatinu. Hrafnstaðir eiga ekki land að sjó og í Jarðabókinni frá 1712 er sagt að úthagarnir séu svo yfirmáta litlir að stöðullinn og hálfar kvíarnar séu í landi Böggvisstaða. Stunga og torfrista eru þó sögð næg og silungsveiði einhver auk þess sem jörðin á engjatak í ey (líklega Skáldalækjarey) á móti Böggvisstöðum. Brimnes er í Jarðabókinni metin á 10 hdr. Þar virðast landgæði hafa verið takmörkuð samkvæmt Jarðabókinni. Útigangur er þó sagður nokkur í fjörunni en lakur á landi. Stunga er lök og rista engin en er fengin á stólsjörðinni Hóli. Rekavon er sögð lítil og engjatak sem áður var í Böggvisstaðaflæðum ónýtt. Úthagar eru samkvæmt Jarðabókinni litlir og hrjóstrugir og því þurfi ábúandi að þiggja beit af Böggvisstaðafólki. Í Brimneslandi er lending þó sögð góð og skipauppsátur og að þar hafi um þessar mundir verið fjögur skip, þó ekkert þeirra tilheyrði ábúanda. Á Hrafnstöðum og Böggvisstöðum getur Jarðabókin um eyðihjáleigur (báðar nefndar Aragerði) en tómtúsið Brimneskot hafði áður verði í landi Brimness en var þá fallið í eyði.¹³

Hefðbundinn búskapur var stundaður á jörðunum þremur fram eftir 20. öld en einnig sjósókn fram eftir öldum. Þéttbýlismyndun á Dalvík hófst um aldamótin 1900 og hefur haft talsverð áhrif á þróun landnýtingar á Böggvisstöðum og í Brimnesi en þéttbýlið byggist í landi jarðanna tveggja. Brimnes fer í eyði 1958 og Böggvisstaðir 1960¹⁴ en búskapur er enn stundaður á Hrafnstöðum.

Það svæði sem afmarkað er sem fólkvangur ofan Dalvíkur er sem fyrr segir að mestu í landi Böggvisstaða en nær þó yfir hluta af því landsvæði sem tilheyrði Brimnesi og rétt suður fyrir merki Hrafnstaða. Úttektarsvæðið er 306 ha stórt og nær frá Brimnesá úr norðri og suður fyrir merki Hrafnstaða í suðri. Að austan eru mörkin skammt ofan við þéttbýlisjaðar Dalvíkur en til vesturs nær svæðið nokkuð upp í fjallið (eða mest í um 500 m h.y.s). Svæðið er utan heimatúna jarðanna þriggja þar sem flestra fornleifa væri að vænta en það er þó skammt utan eða ofan við heimatúnið á Böggvisstöðum en fjær túnstæðum bæði Hrafnstaða og Brimness. Úttektarsvæðið er að mestu vaxið lyngi en á köflum er þar nokkur grasvöxtur auk þess sem skógrækt hefur verið stunduð innan þess. Hluti þess er bratt fjalllendi en austurhlutinn aflíðandi landsvæði við fjallsrætur. Á svæðinu eru ýmis örnefni og fornleifar sem gefa vísbendingar um landnotkun á fyrri öldum. Þar vegur þyngst útbeit en svæðið hefur verið notað fyrir beit frá öllum jörðunum þremur, þó að stærstu leyti frá Böggvisstöðum og Brimnesi. Á svæðinu eru einnig talsverðar svarðargrafir á nokkrum stöðum og greinilegt er að leiðir inn á Böggvisstaðadal hafa legið yfir það að fornu og nýju. Á síðustu áratugum

¹³ JÁM X, 47-50. Böggvisstaðir þó metin á 25 hdr í JJ, 289

¹⁴ BE 1990, 130-131.

hefur landnýting innan marka fólkvangsins breyst. Þar hófst skógrækt árið 1962 og uppbygging skíðasvæðis 1972. Árið 1994 var ákveðið að gera svæðið að fólkvangi (með auglýsingu í Stjórnartíðindum) og það friðlýst árið 2011.¹⁵ Þar er talsvert um göngustíga og er það nú mikið notað af Dalvíkingum til útivistar og eru frekari ráðagerðir um uppbyggingu innan þess í tengslum við fjölbreytta útivist á næstu árum. Innan svæðisins eru, auk gatna og skógræktar, skíðalyftur og mannvirki þeim tengd. Rask á svæðinu er mest í tengslum við skógræktina en þó er ekki vitað til þess að hún hafi raskað minjum ef frá er talinn hluti af Dalsgötum sem horfið hefur í skóglendið.

¹⁵ Fólkvangur í Böggvisstaðafjalli: Deiliskipulag og umhverfisskýrsla (drög), 3-4

6. Fornleifar innan deiliskipulagsreits

Þær fornleifar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits voru fjölbreytilegar og verður hér fjallað um þær helstu. Áður en deiliskráning hófst í október 2019 hafði sveitarfélagið tekið saman upplýsingar um þekkta minjastaði úr aðalskráningu þeirri sem Fornleifastofnun Íslands vann þar 1999. Samkvæmt því taldi sveitarfélagið líklegt að 15 minjastaðir reyndust innan markanna. Staðsetning minjastaðanna var byggð á gömlum hnitum úr aðalskráningu sem tekin voru á þeim tíma sem Bandaríkjamenn rugluðu enn staðsetningar hnita og því voru þau ekki fullkomlega nákvæm. Sökum þessa og fleiri þátta reyndust fimm af minjastöðunum sem taldir voru upp í gögnum sveitarfélagsins í raun ekki innan svæðisins (sjá EY-101:022, EY-101:030, EY-101:034, EY-109:017 og EY-114:006) en hinir tíu staðirnir reyndust innan marka deiliskipulags og talsvert bættist svo við á vettvangi.

Við skráningu voru skráðar 59 fornleifar á 29 minjastöðum. Minjadreifingin var mjög ójöfn um svæðið. Langflestar minjanna eru á og við selstæði Böggvisstaða og Brimness norðarlega innan deiliskipulagsreits. Fáar fornleifar voru á suðurhluta svæðisins og stór svæði innan marka reitsins voru minjalaus. Samkvæmt venju voru allar minjar innan marka deiliskipulagsreits metnar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda.¹⁶ Þetta er gert þar sem á þessu stigi liggur ekki fyrir hvaða áhrif framkvæmdir vegna uppbyggingar innan fólkvangsins kunna að hafa en þar er m.a. fyrirhuguð frekari skógrækt, lagning stíga, uppbygging skíðasvæðis o.s.frv. Að þessu sögðu er ljóst að stórum hluta minjanna ætti ekki að vera bráð hætta búin vegna framkvæmda enda er ráðgert er að taka tillit til minja við skipulag og framkvæmdir og má þannig koma í veg fyrir skemmdir á fornleifum. Samhliða því er ráðgert að nota valda minjastaði til að auka á útivistargildi fólkvangsins með fræðslu og kynningu.

Nýting landsvæðisins fyrr á öldum endurspeglast í þeim minjum sem fundust innan marka deiliskipulagsins. Flestar minjarnar voru því um útbeit eða sjö minjastaðir, 20 minjaeiningar. Á svæðinu voru skráð tvö sel, frá Böggvisstöðum EY-101:019 og Brimnesi EY-103:012. Aðeins voru um 100 m á milli seljanna og skýrist það að mestu leyti af takmörkuðu landrými Brimness sem virðist ætíð hafa verið mjög háð Böggvisstöðum um útbeitarland. Bæði selin eru fallegir minjastaðir sem gætu hentað ágætlega til kynningar. Í seli Böggvisstaða voru skráðar sjö minjaeiningar í hnappi og að auki kvíar EY-101:045 þar skammt frá. Í Brimnesseli var skráð margskipt tóft og tvær aðrar óljósari ásamt ristustað. Minjarnar eru nokkuð komnar á kaf í gróður en ljóst er að beit sauðfjár á svæðinu gæti gegnt mikilvægu hlutverki við að viðhalda sýnileika minjanna. Auk seljanna tveggja voru skráðar fjórar stekkjartóftir á svæðinu. Sú veglegasta þeirra, *Böggvisstaðastekkur* EY-101:011, er

¹⁶ Tveir staðir (EY-101:024 og EY-114:025) af 29 voru hins vegar aðeins metnir í „hættu“ en ekki „stórhættu“ sökum þess að þeir eru rétt utan marka deiliskipulags

reyndar byggð á hól sem einnig er nefndur *Selból* og má vera að þar hafi einhvern tíma verið sel þótt staðurinn sé of nærri Bökkvisstaðabænum til að líklegt geti talist að þar hafi verið sel frá þeim bæ. Umhverfis Bökkvisstaðastekk er fallegur vallargarður þar sem greina má a.m.k. tvö byggingarstig en garðurinn hefur þó verið skemmdur á tveimur stöðum. Innan garðs er óljós þúst

Tafla 1. Minjaflokkar innan svæðis					
Sel/stekkir/kvjar	Óþekkt	Vörður	Svarðargrafir	Annað	Leiðir
EY-101:011_01-05	EY-101:046	EY-101:048	EY-101:044	EY-101:024	EY-101:012
EY-101:019_01-07	EY-101:047	EY-101:050	EY-101:055	EY-103:019_01-03	EY-101:049
EY-101:045	EY-101:052	EY-101:051	EY-103:021_01-14	EY-114:005	EY-103:024
EY-103:012_01-04	EY-101:053_01-03	EY-101:054	EY-103:025		
EY-103:014	EY-103:023	EY-103:026			
EY-103:020	EY-103:027	EY-114:025			
EY-103:022					
7 (20 ein.)	6 (8 ein.)	6 (6 ein.)	4 (17 ein.)	3 (5 ein.)	3 (3 ein.)

og nokkuð greinilegur rústahóll en á honum nokkuð umfangsmikil, tvískipt tóft og greinilegt að þarna er að finna nokkur byggingarstig. Hinir stekkirnir þrír sem skráðir voru eru allt stakar tvískiptar tóftir (EY-103:014, 020 og 022) í Brimneslandi og er mjög stutt á milli þeirra þótt þær séu ekki í sjónlínu hvor við aðra. Mögulegt er að fleiri en Brimnesbóndinn hafi haft í stekk á þessum stað en þó er e.t.v. líklegra að stekkirnir séu frá misjöfnu skeiði og endurspegli þannig búskaparsögu jarðarinnar. Allir stekkirnir þrír eru nærri bílastæði í Bökkvisstaðafjalli þar sem við tekur göngu- og hjólastígur upp fjallið og gætu því hentað vel til kynningar fyrir útivistarfólk. Auk þeirra minja sem þegar eru taldar upp og víst er að tengjast útbeit er líklegt að sumar af þeim áður óþekktu tóftum og þústum með óþekkt hlutverk sem fundust innan úttektarsvæðis tengist einnig útbeit. Þetta á við fornlega og líklega tvískipta tóft EY-101:052 skammt sunnan við Selhól, fornlega og tví- eða þrískipta tóft EY-103:023 nokkru NNA við sama hól og fornlega og tví- eða þrískipta tóft nokkru neðar í hlíðinni, nærri Brimnesá. Allar eiga tóftirnar það sameiginlegt að vera fornlegar og líklegast er að þær tengist útbeit, séu annað hvort fornir stekkir eða beitarhús. Erfiðara er að áætla hlutverk

hinna óræðu tóftanna sem skráðar voru innan úttektarsvæðis en ekki er ólíklegt að tóft EY-101:047 hafi verið heystæði og mögulegt að EY-101:053 hafi einnig gegnt slíku hlutverki.

Samtals voru skráðar sex vörður innan úttektarsvæðisins (EY-101:048, 050-051, 054, EY-103:026 og EY-114:025) og voru þá ekki skráðar nokkrar óljósar vörður og vörtur við göngustíga sem talið var víst að væru frá allra síðustu árum/áratugum. Vörður voru hlaðnar í margvíslegum tilgangi, stundum til að marka land, stundum til að vísa á leið eða áfangastað og stundum sem kennileiti eða einfaldlega til dægrastyttingar. Af þeim vörðum sem skráðar voru innan deiliskráningarreits virðist varða EY-114:025 líkleg landamerkjavarða, í það minnsta var hún hlaðin á merkjum Böggvisstaða og Hrafnstaða þar sem landamerkjagarður er orðinn óljós. Líklegt er að vörðubrot EY-101:051 hafi verið byggt til að vísa á Dalsgötur en ekkert er vitað um í hvaða tilgangi tvær stakar og hugsanlega ungar vörður (EY-101:054 og EY-103:026) voru hlaðnar og það sama er að segja með leifar af tveimur vörðum á Böggvisstaðafjalli (EY-101:048 og 050).

Miklar svarðargrafir voru á milli seljanna tveggja við mynni Böggvisstaðadals EY-103:021_01-14 og aðrar sunnan við syðra selið EY-101:044. Í báðum tilfellum sjást umfangsmiklar grafir og nærri nyrðri gröfunum þústir á fleiri en einum stað sem gætu verið svarðarstæði. Greinilegt er að svörður hefur verið tekið víða á þessum slóðum og ólíklegt annað en að ummerkin séu víða ógreinileg. Óljós ummerki um mögulegar svarðargrafir voru skráðar á tveimur stöðum til viðbótar, annars vegar allra syðst á svæðinu á suðurmörkum þess EY-101:055 og hins vegar óljós ummerki sem gætu verið merki um nokkrar stakar grafir ofarlega við dalsmynni Böggvisstaðadals EY-103:025 en hugsanlegt er einnig að það séu aðeins náttúruverk.

Innan marka skráningarvæðisins voru skráðar þrjár leiðir sem allar eiga það sammerkt að þær virðast liggja að seljunum á svæðinu og hugsanlega lengra upp á Böggvisstaðadal. Ber þar fyrst að nefna Dalsgötur eða Dælagötur eins og þær voru einnig nefndar. Á eldri loftmyndum má sjá að göturnar hafa áður legið yfir það svæði þar sem nú er skógrækt og þá skáhallt til norðvesturs upp hlíðina að seljunum tveimur og hafa svo án efa legið lengra inn á dalinn. Göturnar eru enn notaðar af göngu- og hestafólki og hefur það án efa stuðlað að viðhaldi þeirra. Nokkru ofar í fjallinu má greina aðrar götur EY-101:049 sem líka virðast hafa legið að seljunum úr suðri en ekki er greinilegt hvaðan þær liggja þar sem þær verða ógreinilegar í þýfinu þegar komið er um 600 m suður fyrir selin. Þriðja leiðin sem skráð var innan marka deiliskipulags var ónefnd leið EY-103:024 sem líklegast hefur legið frá Brimnesi og að Brimnesseli. Göturnar sjást á um 450 m kafla í hlíðinni skammt sunnan Brimnesár.

Auk þeirra minja sem þegar er minnst á má geta forns landamerkjagarðs á mörkum Böggvisstaða og Hrafnstaða EY-114:005, lítillar kofatóftar skammt austan við mörk deiliskipulagsreits EY-101:024 og sundlaugar EY-103:019 sem var norðarlega á úttektarsvæðinu.

Garðurinn á merkjum Böggvisstaða og Hrafnstaða sést vel á um 500 m kafla innan marka deiliskipulags og óljós merki hans má áfram greina upp hlíðina. Hann gæti verið forn í grunninn og honum fylgir skemmtileg saga en samkvæmt henni hafi bræðurnir Böggviður og Hrafn, synir Karls ómála (Karlssonar rauða) ákveðið að reisa merkjagarð milli bæja sinna. Garðhleðslan hafi gengið snuðrulaust fyrir sig neðan Sveitarlangs en ofar hans hafi þeir ákveðið að byrja efst upp í fjalli og að sá sem fyrri yrði að byggja upp sína helft mannvirkisins, skyldi ráða stefnu garðsins. Samkvæmt sögunni vann Böggvi hraðar og því stefni garðurinn inn í land Hrafnstaða eftir því sem neðar dregur með þeim afleiðingum að þegar komið er að Sveitarlangi voru merkin komin suður fyrir Hrafnstaðabæ.

Lítill og einföld tóft var skráð skammt utan við deiliskipulagsmörkin. Hún er einföld og mögulega lítill skepnuhús. Þar sem hún er utan marka skipulagsins ætti hún ekki að vera í mikilli hættu vegna áforma um frekari uppbyggingu fólkvangsins.

Að lokum má nefna skemmtilegan minjastað sem þó sést lítið eftir af en það er sundlaug EY-103:019 sem um 100 m norðan við Stórhól. Sundlaugin var fyrst skráð í aðalskráningu 1999 eftir ábendingu frá Júlíusi Kristjánssyni. Hún var í bolla sem er að mestu náttúrumyndaður þótt eitthvað hafi verið átt við norður- og austurhlíðar hans. Samkvæmt Sveinbirni Steingrímssyni heimildamanni voru sundpollarnir reyndar upphaflega tveir á þessum stað og er sá eldri komin undir tún nokkru neðar en sá efri sem enn sést. Skurður var gerður til að veita vatni úr Brimnesá í bollann og svæðið svo nýtt til sundiðkunar. Þótt ummerkin séu ekki umfangsmikil er staðurinn skemmtilegur minnisvarði um elstu þekktu sundlaug Dalvíkinga og hefur varðveisl- og kynningargildi sem slíkur.

Lokaorð

Innan fólkvangsins ofan við Dalvík er að finna nokkuð fjölbreytilegar minjar sem margar hverjar gætu hentað ágætlega til kynningar fyrir heimamenn jafnt sem ferðamenn. Sem dæmi má nefna að hægt væri að ganga á slóðum Dalsgatna, skoða Böggvisstaðarstekk og svo ofar í hlíðinni selin tvö og minjar þeim tengdum. Með því að miðla fróðleik um þær minjar sem eru á svæðinu í bland við almennari fróðleik um minjar í nærumhverfi og sögu svæðis mætti án efa auka enn á útivistargildi svæðisins

Ekki hefur verið gengið endanlega frá ráðagerðum um uppbyggingu innan fólkvangsins ofan Dalvíkur. Þó liggur fyrir að skíðasvæðið verður bætt á næstu árum, unnið verður að stígagerð auk þess sem frekari skógrækt er ráðgerð. Út frá sjónarhóli minjaverndar er skógræktin það sem hvað líklegast er til þess að hafa veruleg áhrif á minjar og menningarlandslag. Skógrækt breytir gróðri og ásýnd lands og skógurinn dreifir gjarnan úr sér út fyrir plöntunarlínur. Minjar innan skógræktarsvæða verða oft ógreinilegar sökum gróðurs jafnvel þótt að gætt sé að því að planta ekki

í eða fast við þekkta minjastaði. Út frá sjónarhóli fornleifafræðinnar má benda á að takmörkuð sauðfjárbreit innan minjasvæða er oft tilvalin leið til að auka sýnileika minja og halda lágróðri í skefjum. Ljóst er að við þróun Fólkvangs þarf að taka tillit til margra sjónarmiða og hugsanlegt er að talið verði að einhverjir minjastaðir þurfi að víkja í þeim fyrirætlunum. Í slíkum tilfellum er það Minjastofnun Íslands að úrskurða hvort slík áform geti haldið áfram óbreytt og þá með hvaða skilyrðum. Sömu sögu er að segja um mögulega kynningu og uppbyggingu á minjastöðum en hana skal vinna í samráði við Minjastofnun Íslands.



Heimildaskrá

Ritaðar heimildir:

Aðalheiður Jóhannsdóttir: „Örnefni í Bögguvisstaðalandi“ Aðsend grein í *Norðurslóð*, 25. nóvember 1986.

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströnd, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku*. Fjölrit nr. FS116-99091. Fornleifastofnun Íslands.

Árni Daníel Júlíusson. 2016. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardal*. JPV útgáfa og Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, fyrra bindi. 1990. Akureyri.

DI I-XI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XIV*. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík

Fólkvangur í Bögguvisstaðafalli: deiliskípulag og umbverfis skýrsla, drög frá 24.06.2019. Teiknistofa Arkitekta/Dalvíkurbyggð.

ÍF I: *Íslensk fornrit I, Landnámabók*. 1968. Jakob Benediktsson sá um útgáfu. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

JJ/Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkestölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, X*. Eyjafjarðarsýsla. 1943. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar 80/2012.

SD: Kristmundur Bjarnason. 1978. *Saga Dalvíkur I-IV*. Dalvíkurbær. Akureyri.

SSE: *Sýslu- og sóknarhlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags. 1839-1854*. 1972. Eyfirzka fræði II. Akureyri.

Óprentaðar heimildir:

Ö-Dalv.: Örnefnaskrá Dalvíkur, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Handrit varðveitt á Héraðsskjalasafni Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu.

Örnefnaskrá Svarfaðardals, Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. Handrit varðveitt á Héraðsskjalasafni Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu.

Túnakort 1917: Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Svarfaðardalur. Þjóðskjalasafn Íslands.

Loftmyndagögn:

Loftmynd frá Landmælingum Íslands tekin 16. október 1958. Svæði nr : 62 - Dalvík. Flughæð : 1800 metrar. Flokkur : LI2 númer : 9168 til 9171

Loftmynd frá Landmælingum Íslands tekin 9. ágúst 1964. Svæði nr : 62 - Dalvík. Flughæð : 1700 metrar. Flokkur : A númer : 7098-7100

Loftmynd frá Loftmyndum ehf apríl 2019.

Heimildamenn:

Böggvisstaðir: Anton Sigurjónsson 3.4.1907 og Júlíus Kristjánsson 19.3.1930 – rætt við í aðalskráningu 1999.

Brimnes: Eyvör Stefánsdóttir 20.4.1928 og Júlíus Kristjánsson 19.3.1930 – rætt við í aðalskráningu 1999.

Hrafnsstaðir: Baldvin Magnússon 9.2.1928 – rætt við í aðalskráningu 1999.


Skýrslan var einnig borin undir þá:

Bryjnólf Sveinsson
Þorstein Skaftason
Sveinbjörn Steingrímsson

Samtala	x	Y
EY-101:011_01	520171	607778
EY-101:011_02	520159	607767
EY-101:011_03	520150	607761
EY-101:011_04	520166	607802
EY-101:011_05	520136	607787
EY-101:012	519830	608548
EY-101:019_01	519386	608732
EY-101:019_02	519384	608745
EY-101:019_03	519369	608736
EY-101:019_04	519368	608705
EY-101:019_05	519373	608701
EY-101:019_06	519397	608731
EY-101:019_07	519385	608721
EY-101:024	520421	607551
EY-101:044	519277	608691
EY-101:045	519353	608695
EY-101:046	520565	608438
EY-101:047	519513	607763
EY-101:048	518595	608028
EY-101:049	519418	608520
EY-101:050	518617	608130
EY-101:051	520027	608000
EY-101:052	519434	608613
EY-101:053_01	519574	608643
EY-101:053_02	519567	608652
EY-101:053_03	519587	608655
EY-101:054	519434	608630
EY-101:055	520109	607330
EY-103:012_01	519459	608830
EY-103:012_02	519465	608822
EY-103:012_03	519473	608827
EY-103:012_04	519473	608822
EY-103:014	519973	608600
EY-103:019_01	520616	608571
EY-103:019_02	520526	608649
EY-103:019_03	520523	608651
EY-103:020	520011	608572
EY-103:021_01	519347	608805
EY-103:021_02	519391	608841
EY-103:021_03	519389	608822
EY-103:021_04	519400	608826
EY-103:021_05	519411	608833
EY-103:021_06	519464	608804
EY-103:021_07	519378	608855
EY-103:021_08	519381	608858

EY-103:021_09	519365	608853
EY-103:021_10	519370	608847
EY-103:021_11	519357	608853
EY-103:021_12	519350	608853
EY-103:021_13	519411	608856
EY-103:021_14	519380	608863
EY-103:022	520026	608604
EY-103:023	519484	608884
EY-103:024	519794	608762
EY-103:025	518914	608661
EY-103:026	520368	608615
EY-103:027	520100	608821
EY-114:005	519383	607358
EY-114:025	519439	607294

MINJAKORT



Kort 1



Skýring

● Skráðar fornleifar

0 50 100 150 200 m

